

Félagsvísar: Sérhefti um innflytjendur

Social indicators: Special issue on immigrants

Samantekt

Markmið þessa sérheftis um innflytjendur er að draga upp heildstæða mynd af stöðu innflytjenda á Íslandi, þar sem félagsleg velferð þeirra er í brennidepli. Þetta er í fyrsta skipti sem Hagstofa Íslands gefur út svo yfirgripsmikið efni um stöðu innflytjenda þar sem horft er til fjárhags, menntunar, atvinnu, húsnæðis, lýðræðis, jafnvægi atvinnu og einkalífs, umhverfisgæða og öryggis. Innflytjendur eru fjölbreyttur hópur einstaklinga sem getur komið hingað til lands sem námsmenn, vinnuafl, ástvinir eða í leit að alþjóðlegri vernd. Innflytjendum hefur fjölgað mikið á Íslandi undanfarna tvo áratugi og hlutfall þeirra af heildarmannfjölda svípar nú til hinna Norðurlandanna. Það sem meðal annars einkennir innflytjendur á Íslandi er að flestir eru á vinnualdri, hafa dvalið hér í stuttan tíma, eru með lága fæðingartíðni og eru að meirihluta karlmenn. Flestir innflytjendur á Íslandi koma frá löndum þar sem heilsa, menntun og fjárhagur er góður. Niðurstöðurnar benda meðal annars til þess að hlutfallslega færri innflytjendur eru með mjög háar heildartekjur en innlendir. Þær sýna einnig að þrátt fyrir að innflytjendur hafi gott aðgengi að íslenskum vinnumarkaði, þá eru þeir líklegri en innlendir til að vera ofmenntaðir. Skólasókn innflytjenda í framhaldsskóla við 16 ára aldur er lægri en skólasókn innlendra og lækkar meira með hverju aldursári. Árið 2017 sóttu um sjö af hverjum 10 innlendum íbúum á 19. aldursári framhaldsskóla, en aðeins um tveir af hverjum 10 innflytjendum. Innflytjendur eru líklegri en innlendir íbúar til að vera á leigumarkaði og búa þröngt. Hafa ber í huga við túlkun á niðurstöðum að ekki eru til eins nákvæmar upplýsingar um stöðu innflytjenda og stöðu innlendra.



Abstract The aim of this thematic issue is to give a broad picture of the status of immigrants in Iceland, with social well-being in focus. This is the first time that Statistics Iceland publishes such comprehensive statistics on immigrants, looking at the state of their finances, education, employment, housing, democracy, work-life balance, environmental quality and safety. Immigrants are a diverse group of people that migrate in order to study, work, be united with loved ones or in search of international protection. The number of immigrants has increased considerably in Iceland over the past two decades, and their proportion is now similar to the other Nordic countries. What defines immigrants in Iceland, among other things, is that most are of working-age, have stayed here a short time, have a low birth rate, and the majority are men. Most immigrants in Iceland come from countries where health, education and the economy is good. The results indicate, among other things, that relatively fewer immigrants have very high income compared with local inhabitants. They also show that although immigrants have good access to the labour market, they are more likely to be overqualified than locals. The enrolment of immigrants in upper secondary schools at the age of 16 is lower than the enrolment of local students and decreases with age. In 2017, about seven out of 10 locals at the age of 19 attended upper secondary school, but only about two in 10 immigrants. Immigrants are more likely to be tenants and be overcrowded than locals. The results must be interpreted with caution, as it is difficult to measure the social well-being of immigrants with the same precision as the local population.

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Hvað einkennir innflytjendur?	6
Helstu skilgreiningar	6
Mannfjöldi	7
Aldursskipting	9
Innflytjendur eftir kyni	10
Fæðingarsvæði	11
Flokkun fæðingarlanda eftir samtölu heilsu, menntunar og efnahags	11
Lengd dvalar	12
Fæðingartíðni	13
Félagsvísar	14
Fjárhagur	14
Heildartekjur	14
Eignir	16
Skuldir	18
Aðrar tekjur	19
Menntun	20
Skólasókn í leikskóla	21
Skólasókn í framhaldsskóla	23
Skólasókn í háskóla	25
Atvinna	26
Starfandi	27
Atvinnuleysi	28
Ofmenntun	29
Húsnæði	30
Á leigumarkaði	30
Býr þröngt	31
Lélegt ástand húsnæðis	32
Íþyngjandi húsnæðiskostnaður	32
Lýðræði	34
Stéttarfélagsaðild	35
Jafnvægi atvinnu og einkalífs	35
Vinnutími	35
Óhefðbundinn vinnutími	36
Vaktavinna	37
Umhverfisgæði	38

Upplifaður hávaði í nærumhverfi	38
Upplifir mengun í nærumhverfi	38
Öryggi	39
Óþægindi vegna glæpa	39
Aðferðir félagsvísa	40
Almennir fyrirvarar við túlkun félagsvísa	41
Gögn félagsvísa og fyrirvarar þeirra	42
Skýringar félagsvísa	44

Inngangur

Markmiðið er yfirgripsmikil og hnitmiðuð mynd af stöðu innflytjenda

Markmið þessa sérheftis um innflytjendur er að draga upp heildstæða mynd af stöðu innflytjenda á Íslandi, þar sem félagsleg velferð þeirra er í brennidepli. Horft er 10 ár aftur í tímann og til dagsins í dag (nema annað sé tekið fram).

Hvað einkennir innflytjendur?

Þessu sérhefti er skipt í tvo kafla. Fyrst verður farið yfir lýðfræðilegar upplýsingar, með það að markmiði að gera grein fyrir því hvað einkennir innflytjendur sem samfélagshóp á Íslandi. Horft verður til almennra þátta svo sem aldursdreifingar og kynjaskiptingar. Einnig verður skoðað hvaðan innflytjendur koma og hversu lengi þeir hafa dvalið á Íslandi.

Félagsvísar leitast eftir því að mæla þætti sem hafa bein áhrif á félagslega velferð fólks

Í seinni hluta heftisins verða mælingar á félagsvísam bornar saman milli innflytjenda og innlenda. Kaflinn um félagsvísa miðar að því að gefa í senn hnitmiðaða og yfirgripsmikla mynd af félagslegri velferð innflytjenda. Félagsvísar eru safn tölulegra upplýsinga þar sem leitast er við að mæla þætti sem hafa bein áhrif á félagslega velferð fólks. Markmiðið með útgáfu þeirra er að auðvelda stjórnvöldum og almenningi að fylgjast með þjóðfélagsþróun og samfélagsbreytingum.

Félagsvísar eiga að hjálpa stjórnvöldum og almenningi að fylgjast með samfélagsþróun


Munur milli félagsvísa innflytjenda og innlendra er svokallaður óleiðréttur munur sem getur skýrst af meðal annars ólíkri aldursdreifingu og kynjahlutfalli þessara hópa. Þrátt fyrir að ekki sé hægt að segja til um ástæður þess að munur sé fyrir hendi, þá getur engu að síður verið mikilvægt að átta sig á stöðunni í samfélaginu, óháð orsökum hennar.

Velferðar ójöfnuður gengur út frá því að ójöfnuður eigi ekki aðeins við um fjárhag fólks, heldur getur verið til staðar á mörgum sviðum

Þegar staða innflytjenda er metin er mikilvægt að einblína ekki eingöngu á fjárhagsstöðu þeirra, heldur reyna eftir bestu getu að átta sig á félagslegri velferð þeirra. Í þessu samhengi hefur hugtakið velferðar ójöfnuður verið notað, sem gengur út frá því að ójöfnuður geti verið til staðar á mörgum sviðum. [Mynd 1](#) sýnir þau víddir félagslegrar velferðar sem var horft til í þessu sérhefti.

Mynd 1. Víddir félagslegrar velferðar í þessari útgáfu

Figure 1. The dimensions of social well-being in this issue



Til að gera betur grein fyrir mun meðal innflytjenda hafa félagsvísar sem birtast hér verið brotnir niður eftir bakgrunnspáttum. Félagsvísar innflytjenda hafa þegar unnt er verið brotnir niður eftir kyni, aldri, menntun, búsetu, lengd dvalar á Íslandi, fæðingarsvæði og fæðingarlandi flokkuðu samkvæmt samtölu heilsu, menntunar og efnahags. Slíkt niðurbrot hefur fyrst og fremst verið mögulegt þegar gögnin koma úr skrám. Þetta á við um mælingar á stöðu fjárhags og menntunar. Niðurstöður félagsvísanna sem byggja á úrtaksrannsóknum buðu ekki uppá eins nákvæmt niðurbrot fyrir hópinn innflytjendur. Þar verður að láta sér nægja að skoða nánar kynjamun þessara félagsvísa. Í þessu sérhefti verður stiklað á stóru og fyrst og fremst horft til almenns samanburðar milli innflytjenda og innlendra. Áhugasömum er bent á heimasíðu Hagstofu Íslands þar sem hægt er að nálgast [talnaefni félagsvísa](#) og nákvæmara niðurbrot á þeim.

Hvað einkennir innflytjendur?

Mikilvægt er að hafa í huga að innflytjendur eru ekki einsleitir hópur. Eina skilyrðið til að teljast til innflytjenda er að hafa flust til Íslands frá öðru landi og að hafa engan íslenskan bakgrunn. Þessi skilgreining rýmir fjölbreyttan hóp einstaklinga. Þar flokkast saman einstaklingar sem eru alþjóðlegir námsmenn, vinnuafl með mismunandi færni, ástvinir og fjölskyldumeðlimir annarra íbúa landsins, og einstaklingar sem eru á flóttu undan stríði, hörmungum og ofsóknum¹. Hér verður farið yfir ýmsa bakgrunnspætti til að varpa betra ljósi á hvað einkennir innflytjendur á Íslandi.

Helstu skilgreiningar

Skilgreining á innflytjanda Með innflytjanda er átt við einstakling sem er fæddur erlendis, á foreldra sem báðir eru fæddir erlendis auk þess að eiga afa og ömmur sem öll eru fædd erlendis.

Annarrar kynslóðar innflytjandi Annarrar kynslóðar innflytjandi er einstaklingur sem fæddur er hér á landi en á foreldra sem báðir eru fæddir erlendis, auk þess sem afar og ömmur eru fæddir erlendis. Barn innflytjanda sem ekki fæðist hér á landi, heldur flytur til landsins á barnsaldri, er skilgreint sem innflytjandi.

Skilgreining á innlendum Í þessu sérhefti telst sá innlendir sem ekki fellur undir skilgreiningu á innflytjanda. Líta má á flokkinn innlendir sem safnheiti. Innlendir geta því verið einstaklingar með engan erlendan bakgrunn, einstaklingar með engan erlendan bakgrunn sem eru fæddir erlendis, einstaklingar sem eru fæddir á Íslandi og annað foreldri er erlent, og einstaklingar sem eru fæddir erlendis, eiga foreldra sem fæddir eru erlendis en a.m.k. eina ömmu eða afa sem fædd/ur er á Íslandi. Ef ekki er fjallað um annarrar kynslóðar innflytjendur sérstaklega, þá flokkast þeir með innlendum í þessu sérhefti.

Hagstofan hefur áður fjallað ítarlega um skilgreiningar á einstaklingum eftir bakgrunni þeirra. Um þetta má lesa í hagtíðindaheftinu "[Innflytjendur og einstaklingar með erlendan bakgrunn 1996–2008](#)". Þar er einstaklingum skipt í


¹ OECD (2017), *How's Life? 2017: Measuring Well-being*, p. 130. OECD Publishing, Paris. http://dx.doi.org/10.1787/how_life-2017-en, p. 120

fleiri flokka en hér er gert. Til að einfalda skoðun á félagsvísnum eftir bakgrunni var ákveðið að sameina fleiri flokka í einn, og nota yfir það safnheitið innlendir.

Mannfjöldi

Mynd 2. Mannfjöldi eftir bakgrunni 1996–2018

Figure 2. Population by background 1996–2018




Skýringar Notes: Mannfjöldatölur miða við 1. janúar hvers árs. The population figures apply to the 1 January of each year.

Innflytjendum og börnum
innflytjenda fjölgar

Innflytjendum á Íslandi hefur farið fjölgandi síðastliðin 10 ár ([mynd 2](#)). Árið 2008 voru innflytjendur á Íslandi 27.240 talsins, eða 8,6% mannfjöldans, en 10 árum seinna voru þeir orðnir 43.736, eða 12,6% mannfjöldans árið 2018 ([mynd 3](#)).

Mynd 3. Hlutfall innflytjenda af mannfjölda 1996–2018

Figure 3. Percentage of immigrants of the population 1996–2018




Undanfarin 10 ár hefur hlutfall innflytjenda sveiflast nokkuð, þar sem þeir urðu hlutfallslega færri upp úr 2010, en hlutfallið jókst aftur árið 2013 og hefur sú þróun haldist stöðug til dagsins í dag. Breytingar í fjölda innflytjenda undanfarinn áratug

gætu tengst íslensku efnahagssveiflum. [Mynd 4](#) sýnir breytingar í vergri landsframleiðslu á mann á árunum 1996 til 2016 og hlutfall innflytjenda af mannfjölda á sama tímabili. Árið eftir hrun íslenska bankakerfisins, 2009, er verg landsframleiðsla á mann -6,5%¹. Árinu seinna fer innflytjendum á Íslandi fækkandi. Sama ár og verg framleiðsla fer upp í 3,3% fjölga innflytjendum á ný, eða árið 2013. Þessi þróun heldur svo áfram til dagsins í dag.

Mynd 4. Verg landsframleiðsla og hlutfall innflytjenda af mannfjölda 1996–2018

Figure 4. Gross domestic product and proportion of immigrants 1996–2018



Hlutfall innflytjenda svipað og í Noregi og Danmörku

Hlutfall innflytjenda svipar nú til Noregs (14,1%)² og Danmörkur (10,2%)³ í byrjun árs 2018. Hlutfall innflytjenda á Íslandi er hinsvegar töluvert lægra en í Svíþjóð, þar sem 18,6% íbúa voru fæddir erlendis í lok árs 2017⁴. Hlutfallið er hærra en í Finnlandi, en þar töldust 6,2% þjóðarinnar til innflytjenda árið 2017⁵. Hér er vert að nefna að skilgreiningarnar á innflytjandi og annarrar kynslóðar innflytjandi eru aðeins breytilegar milli Norðurlandanna og því eru tölurnar ekki fyllilega sambærilegar.

Lægra hlutfall annarrar kynslóðar innflytjenda hér á landi en almennt á Norðurlöndunum

Annarrar kynslóðar innflytjendum hefur fjölgað héraðs síðastliðin 10 ár, úr 1.560 árið 2008 í 4.861 árið 2018. Aftur á móti er hlutfall annarrar kynslóðar innflytjenda lægra hér á landi en á hinum Norðurlöndunum. Á Íslandi teljast 1,4% þjóðarinnar til annarrar kynslóðar innflytjenda í byrjun árs 2018. Í Danmörku eru 3,1% þjóðarinnar annarrar kynslóðar innflytjendur og 3,2% í Noregi. Í Svíþjóð teljast 3,4% þjóðarinnar til annarrar kynslóðar innflytjenda undir 21 árs aldri⁶. Í Finnlandi telst svipað hlutfall til annarrar kynslóðar innflytjenda og á Íslandi, eða 1,2%. Fyrir 20 árum síðan, árið 1998, tilheyrðu einungis 0,1% landsmanna annarri kynslóð innflytjenda hér á landi. Annarri kynslóð innflytjenda fer því fjölgandi, þó hópurinn sé enn lítill hluti þjóðarinnar.

¹ [Yfirlit um verga landsframleiðslu og hagvöxt 1870 - 2016](#)

² [Statistics Norway](#)

³ [Statistics Denmark](#)

⁴ [Statistics Sweden](#)


⁵ [Statistics Finland](#)

⁶ [Statistics Sweden](#)

Aldursskipting


Mynd 5. Fjöldi innflytjenda eftir aldri 2008–2018

Figure 5. Number of immigrants by age 2008–2018



Mynd 6. Fjöldi innlendra eftir aldri 2008–2018

Figure 6. Number of domestics by age 2008–2018




Flestir innflytjendur eru á aldrinum 25 til 49 ára

Í stórum dráttum er hægt að segja að algengast sé að innflytjendur séu á vinnualdri, en hlutfallslega fáir teljast til barna, ungmenna og eldri borgara. Eins og má sjá við samanburð á [mynd 5](#) og [mynd 6](#), þá er aldursdreifingin ólík meðal innflytjenda og innlendra. [Mynd 5](#) sýnir að flestir innflytjendur hér á landi eru á aldrinum 25–49 ára og að hlutfall bæði barna og ungra fullorðinna í hópi innflytjenda er talsvert lægra en meðal innlendra. Borið saman við innlenda eru hlutfallslega færri innflytjendur á aldrinum 0 til 17 ára og 18 til 24 ára. Jafnframt eru hlutfallslega fáir innflytjendur 65 ára og eldri borið saman við innlenda. Við samanburð á innflytjendum og innlendum ber að hafa mismunandi aldursdreifingu í huga þar sem hún getur skýrt mun á félagslegri stöðu innflytjenda og innlendra.

Mynd 7. Fjöldi annarrar kynslóðar innflytjenda eftir aldri 2008–2018

Figure 7. Number of second generation immigrants by age 2008–2018



Nær allir sem tilheyra annarri kynslóð innflytjenda hérlandis eru börn á aldrinum 0-17 ára ([mynd 7](#)) og er þetta atriði öðru fremur til marks um stutta sögu innflytjenda hér á landi. Sökum þess hversu fáir annarrar kynslóðar innflytjendur eru á fullorðinsaldri er erfitt að fullyrða um félagslega velferð þessa hóps sérstaklega og einkorðast félagsvísar um innflytjendur því við fullorðna einstaklinga. Önnur kynslóð innflytjenda verður einungis skoðuð fyrir menntunarvísinn skólasókn í leikskóla.


Innflytjendur eftir kyni

Fleiri karlar flytja til landsins í uppsveiflu

Kynjahlutfallið meðal innflytjenda hefur breyst talsvert yfir tímabilið 2008 til 2018 ([mynd 8](#)). Karlar eru í meirihluta í byrjun tímabilsins og svo aftur árin 2017 og 2018 en kynjahlutfallið er jafnara milli 2010 og 2016. Það er því mögulegt að kynjahlutfall innflytjenda skekkist í tengslum við efnahagslegar sveiflur í hagkerfinu.

Mynd 8. Fjöldi innflytjenda eftir kyni 2008-2018

Figure 8. Immigrants by sex 2008-2018



Fæðingarsvæði

Umdeilt er hvernig skipta eigi upprunalöndum í svæði


Innflytjendur á Íslandi koma frá mörgum mismunandi löndum. Árið 2018 voru 193 lönd í heiminum samkvæmt Sameinuðu þjóðunum. Fleiri ríki hafa lýst yfir sjálfstæði sínu án þess að þjóðir heimsins hafi sammælt um að viðurkenna þau sem sjálfstæð ríki. Löndin geta verið eins ólík og þau eru mörg. Með því að skipta þeim í flokka er betur hægt að fá yfirsýn yfir hvaða máli fæðingarland skiptir fyrir félagslega velferð innflytjenda. Líkt og flokkun yfirleitt, felur slík niðurskipan í sér ákveðna einföldun. Í tilfalli upprunalanda getur slík flokkun verið töluvert umdeild.

Algengast að fæðingarlönd innflytjenda teljist til Austur-Evrópu

Algengt er að skipta löndum upp út frá því landsvæði sem þau eru á. Eftirfarandi flokkun í fæðingarsvæði er gerð eftir tillögu Innflytjendaráðs í samráði við Hagstofu Íslands. Þá er innflytjendum skipt eftir því hvort þeir komi frá Norðurlöndum, Vestur-Evrópu utan Norðurlanda, Austur-Evrópu, Asíu, Bandaríkjunum og Kanada. Önnur lönd mynda svo eigin flokk. Á mynd 9 má sjá að mikill meirihluti innflytjenda á Íslandi kemur frá löndum sem talist geta til Austur-Evrópu. Aftur á móti er óalgengt að innflytjendur á Íslandi komi frá Bandaríkjunum eða Kanada. Yfirlit yfir flokkun landa eftir fæðingarsvæðum má sjá í viðauka 1.

Mynd 9. Fjöldi innflytjenda eftir fæðingarsvæði 2008-2018

Figure 9. Immigrant population by area of birth 2008-2018



Flokkun fæðingarlanda eftir samtölu heilsu, menntunar og efnahags

Önnur leið til að flokka fæðingarlönd er að grundvalla flokkunina á stöðluðum og viðurkenndum mælikvarða. Á þann hátt er hægt að skipta löndum upp eftir ákveðnum mælanlegum eiginleikum í stað þess að draga landfræðileg mörk. Hér er notuð samtala heilsu, menntunar, og efnahags sem gefin er út af Sameinuðu þjóðunum (Human Development Index¹). Samtalan er einskonar vísitala sem vegur saman mælingar á heilsu, þekkingu og efnahagslegri stöðu landa. Heilsa er mæld með lífslíkum við fæðingu, þekking er mæld með áætlaðri skólagöngu og meðal lengd skólagöngu en efnahagsleg staða mæld með vergrí þjóðarframleiðslu á mann.

¹ Hægt er að gagnrýna nafngift Human Development Index, sem mætti þýða sem vísitalu mannlegrar framþróunar, fyrir að byggja á þeirri forsendu að þróun ríkja sé línuleg. Þrátt fyrir að margt bendi til þess að ríki þróist ekki bara á einn veg, þá gefur samtala heilsu, menntunar, og efnahags engu að síður mikilvæga vísibendingu um stöðu landa á hverjum tíma fyrir sig.

Viðmiðunarárið er 2015, þar sem tölur frá 2015 voru nýjustu tölur við vinnslu þessa sérheftis um innflytjendur. Skalin er milli 0 og 1.


Flestir innflytjendur koma frá löndum þar sem heilsa, menntunarstig, og fjárhagur er góður á heimsvísu

Ísland mælist á bilinu 0,900 og 0,945 á kvarðanum og telst til þeirra landa sem mælast með hvað hæsta samtölu heilsu, menntunar og efnahags ([mynd 10](#)). Algengt er að innflytjendur á Íslandi komi frá löndum í sama þrepi á kvarðanum og Ísland en flestir innflytjendur á Íslandi koma þó frá löndum sem mælast á skrefinu fyrir neðan. Því má segja að flestir innflytjendur á Íslandi komi frá löndum þar sem heilsa, menntunarstig og fjárhagur er áþekkur og á Íslandi. Sjaldgæft er að innflytjendur komi frá löndum með lága stigagjöf á samtölu heilsu, menntunar og efnahags.

Það getur verið áhugavert að bera saman þessa flokkun fæðingarlanda við flokkun í fæðingarsvæði. Í [viðauka 2](#) má finna slíkan samanburð fyrir algengasta fæðingarsvæðið, það er Austur-Evrópu. Nánari skoðun sýnir að lönd í Austur-Evrópu eru innbyrðis ólík ef horft er til samtölu heilsu, menntunar og efnahags. Flestir innflytjendur á Íslandi koma frá Póllandi þar sem samtala heilsu, menntunar og efnahags er í næst hæsta þrepinu á kvarðanum (0,850 – 0,899). Samtala Lettlands og Litháen er á bilinu 0,800 – 0,849, en algengt er að innflytjendur á Íslandi komi frá þessum löndum. Úkraína, Armenía, Kyrgyzstan og Tadsjikistan eru hinsvegar dæmi um lönd sem eru með töluvert lægri samtölu heilsu, menntunar og efnahags en Pólland.

Mynd 10. Fjöldi innflytjenda eftir fæðingarlöndum samkvæmt samtölu heilsu, menntunar og fjárhags 2008-2018

Figure 10. Immigrant population by country of birth according to a health, education, and economy index



Skýringar Notes: Fæðingarlönd hafa verið flokkuð samkvæmt mælikvarða Sameinuðu þjóðanna sem vegur saman mælingar á heilsu, menntun og fjárhag landa. Samtalan er á kvarðanum 0 til 1. Country of birth has been categorized according to the United Nations' Index of health, education and economic prosperity. The index is on the scale 0 to 1.

Lengd dvalar


Flestir innflytjendur hafa dvalið minna en fimm ár á Íslandi

Þegar litið er á stöðu innflytjenda á Íslandi er mikilvægt að horfa til þess hversu lengi fólk hefur dvalið á Íslandi. [Mynd 11](#) sýnir fjölda innflytjenda eftir því hversu

lengi þeir hafa dvalið hér á landi. Dvalarlengd er skipt í þrjú flokka, þar sem þeir sem hafa dvalið minna en fimm ár í landinu teljast hafa dvalið hér til skamms tíma. Þeir sem hafa dvalið í fimm til níu ár teljast hafa dvalið lengi á Íslandi. Þeir sem hafa dvalist í meira en níu ár á Íslandi teljast hafa sest hér að til frambúðar. Algengast er að innflytjendur hafi dvalið hér á landi í minna en 5 ár. Á síðustu tíu árum hefur þó fjölgað í hópnum sem hefur dvalið á Íslandi í meira en níu ár.

Mynd 11. Fjöldi innflytjenda eftir lengd dvalar 2008-2018

Figure 11. Immigrant population by length of stay 2008-2018




Fæðingartíðni

Fæðingartíðni innflytjenda er að jafnaði lægri en fæðingartíðni innlendra

Fæðingartíðni innflytjenda er að jafnaði lægri en fæðingartíðni innlendra ([mynd 12](#)). Þó fæðingartíðni innflytjenda sé lægri þá fylgir hún svipaðri þróun og fæðingartíðni innlendra yfir tímabilið. Hæst var hún 2009, eða 2,07 lifandi fædd börn innflytjenda á ævi hvers konu, en hefur lækkað ár frá ári eftir það. Árið 2017 var fæðingartíðni meðal innflytjenda 1,34 lifandi fædd börn á ævi hvers konu en 1,81 hjá innlendum.

Mynd 12. Fæðingartíðni eftir bakgrunni 2007–2017

Figure 12. Birth rate by background 2007–2017



Skýringar Notes: Tölur um frjósemi eru áætlaðar útfrá fæðingartíðni á hverju aldursári kvenna, en hún er hlutfallið milli lifandi fæðra barna mæðra á aldursárinu og meðalfjölda kvenna á því aldursári. Birth rate is the number of live births a woman could have during her reproductive life if she was exposed to the fertility rates for each age-group experienced during that year or period.

Félagsvísar

Fjárhagur

Fjárhagur er mikilvæg grundvallarstoð félagslegrar velferðar. Í skýrslu OECD frá 2017 um velferð innflytjenda, er bent á að oft geta möguleikar á að bæta fjárhagsstöðu í nýju landi einmitt verið ástæður flutninga. Í mörgum tilvikum getur fjárhagsstaða innflytjenda batnað við það að flytja til nýs lands borið saman við fjárhagsstöðu þeirra í heimalandinu en á móti kemur að innflytjendur geta búið við verri fjárhagsstöðu en innlendir. Auk þess getur verið bæði dýrt að flytja og koma sér fyrir í nýju landi. Að sama skapi getur verið að innflytjendur sendi hluta af tekjum sínum til fjölskyldu og ættingja í heimalandinu¹.

Hér er leitast við að gefa sem breiðasta mynd af fjárhagsstöðu innflytjenda með því að bera saman bæði heildartekjur, eignir, skuldir og aðrar tekjur innflytjenda annars vegar og innlendra hins vegar.


Heildartekjur

Ef miðgildi heildartekna er borið saman milli innflytjenda og innlendra sést að tekjur eru að jafnaði lægri hjá innflytjendum ([mynd 13](#)) en þróun fylgist að yfir tímabilið. Árið 2017 var miðgildi heildartekna innflytjenda 4,9 milljónir á ári hjá innflytjendum en 5,2 milljónir á ári hjá innlendum. Því munar að jafnaði um 300.000 krónum á árstekjum innflytjenda og innlendra árið 2017. Hægt er að líta á miðgildi sem töluna í miðjunni hafi öllum tekjum verið raðað í stærðarröð. Miðgildi heildartekna er því sú tala sem skilur að lægri helming tekjudreifingarinnar frá hærri helmingi tekjudreifingarinnar.

¹ OECD (2017), *How's Life? 2017: Measuring Well-being*, p. 130. OECD Publishing, Paris. http://dx.doi.org/10.1787/how_life-2017-en

Mynd 13. Miðgildi heildartekna á ársgrundvelli 2007-2017

Figure 13. Median of total annual income 2007-2017



Skýringar Notes: Á verðlagi ársins 2017. According to the price level of 2017.

Hlutfallslega færri innflytjendur en innlendir eru með mjög háar heildartekjur

Það er vel þekkt að tekjur dreifast almennt ekki jafnt og að jafnan eru fleiri einstaklingar með lægri tekjur en hærri. Án undantekningar hafa rannsóknir á þverskurði landa yfir mismunandi tímabil sýnt fram á að tekjudreifing er jákvætt skekkt¹ þar sem mjög háar heildartekjur hjá fámennum hópi hækka meðaltalið. Þegar meðaltal er hærra en miðgildi er það til marks um jákvætt skekka tekjudreifingu.


Samanburður á tekjudreifingu innlendra og innflytjenda ([mynd 14](#) og [mynd 15](#)) bendir til meiri dreifingar á tekjum innlendra en tekjudreifing innflytjenda sé samanþjappaðri. Þetta sést meðal annars ef litið er á staðalfrávik heildartekna, sem er mun hærra fyrir innlenda en fyrir innflytjendur og er það til marks um meiri breytileika á heildartekjum innlendra en innflytjenda. Með sama hætti er meiri munur er á meðaltali og miðgildi heildartekna hjá innlendum en innflytjendum. Með öðrum orðum eru hlutfallslega færri innflytjendur með mjög háar heildartekjur miðað við innlenda. Um óleiðréttan mun er að ræða og því er óvíst af hverju hann stafar.

¹ [Davies James B., and Shorrocks Anthony \(1999\) "The distribution of wealth." Chapter 11 In Handbook of Income Distribution: Volume 1 Edited by A.B. Atkinson and F.Bourguignon 121: 223-254.](#)

Benhabib, Jess, and Alberto Bisin. 2018. "Skewed Wealth Distributions: Theory and Empirics." *Journal of Economic Literature*, 56 (4): 1261-91. DOI: 10.1257/jel.20161390

Mynd 14. Meðaltal heildartekna á ársgrundvelli 2007-2017


Figure 14. Mean of total annual income 2007-2017



Skýringar Notes.: Á verðlagi ársins 2017. According to the price level of 2017.

Mynd 15. Staðalfrávik heildartekna á ársgrundvelli 2007-2017

Figure 15. Standard deviation of total annual income 2007-2017



Skýringar Notes.: Á verðlagi ársins 2017. According to the price level of 2017.


Eignir

Innflytjendur eiga að jafnaði minni eignir en innlendir

Ef miðgildi eigna er skoðað sést að innflytjendur eiga að jafnaði minni eignir en innlendir ([mynd 16](#)). Í krónum talið er meiri munur á eignum innflytjenda og innlendra en á heildartekjum þeirra og hefur hann farið vaxandi frá 2013. Eignir eru allar eignir fjölskyldu, þar með taldar fasteignir, peningalegar eignir, aðrar eignir auk ökutækja.

Mynd 16. Miðgildi eigna 2007-2017

Figure 16. Median of total assets 2007-2017




Skýringar Notes.: Á verðlagi ársins 2017. According to the price level of 2017.

Þessi munur á eignastöðu kemur ekki á óvart ef horft er til þess að stór hluti innflytjenda hefur dvalið stuttan tíma á Íslandi og hafa líkast til haft minni tækifæri og ástæður til að festa sér eignir hér á landi en bæði innlendir og þeir sem hafa dvalið hér lengi. Ef miðgildi eigna er brotið niður eftir lengd dvalar á Íslandi má sjá að þeir sem hafa búið hér í stuttan tíma eiga minnstar eignir, á meðan þeir sem hafa búið á Íslandi í meira en 9 ár eiga töluvert meira. Engu að síður er miðgildi eigna innflytjenda sem hafa búið á Íslandi í meira en 9 ár lægra en miðgildi eigna innlendra almennt ([mynd 17](#)).

Mynd 17. Miðgildi eigna eftir lengd dvalar 2007-2017

Figure 17. Median of total assets by length of stay 2007-2017



Skýringar Notes.: Á verðlagi ársins 2017. According to the price level of 2017.


Skuldir

Innflytjendur skulda minna en innlendir

Miðgildi skulda er hærra fyrir innlenda en innflytjendur árin 2007 til 2017. Árið 2017 er miðgildi skulda 600.000 krónur hjá innflytjendum en 3 milljónum hærri hjá innlendum ([mynd 18](#)). Skuldir eru samanlagðar heildarskuldir en til þeirra teljast allar skuldir fjölskyldu að meðtöldum fasteignaskuldum (sjá nákvæma skilgreiningu í [skýringum](#)).

Mynd 18. Miðgildi skulda 2007-2017

Figure 18. Median of total debt 2007-2017




Skýringar Notes.: Á verðlagi ársins 2017. According to the price level of 2017.

Þegar miðgildi skulda er brotið niður eftir lengd dvalar á Íslandi má sjá að þeir sem hafa búið hér í stuttan tíma skulda að jafnaði ekkert yfir tímabilið samkvæmt niðurstöðunum sem byggja á skattagögnum ([mynd 19](#)). Þeir innflytjendur sem hafa búið hér í meira en 9 ár skulda að jafnaði áþekkar upphæðir og innlendir, þó svo að miðgildi innflytjenda sé samt sem áður lægra. Þeir innflytjendur sem hafa verið á Íslandi 5-9 ár skulduðu mun meira að jafnaði á árunum 2007 til 2009 en eftirfarandi ár. Árið 2009 var miðgildi skulda þeirra nær 4 milljónum króna á verðlagi 2017 núvirtar með ársmeðaltali vísitölu neysluverðs, en var undir hálfri milljón króna árið 2017.

Mynd 19. Miðgildi skulda eftir lengd dvalar 2007-2017

Figure 19. Median of total debt by length of stay 2007-2017



Skýringar Notes.: Á verðlagi ársins 2017. According to the price level of 2017.


Aðrar tekjur

Að jafnaði fá innflytjendur minni félagslegar greiðslur, á borð við lífeyrisgreiðslur og atvinnuleysisbætur en innlendir

Aðrar tekjur eru samtala ýmissa félagslegra greiðslna á borð við lífeyrisgreiðslur, greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og bótagreiðslur á borð við atvinnuleysisbætur, vaxta- og barnabætur. Samanburður á miðgildi annarra tekna sýnir að innlendir hafa að jafnaði hærri aðrar tekjur en innflytjendur ([mynd 20](#)). Töluverðar sveiflur eru á tímabilinu, en miðgildi annarra tekna hækkar eftir 2008 og lækkar aftur 2011. Þetta mynstur sést hjá báðum hópum þó sveiflurnar séu meiri og upphæðirnar hærri fyrir innlenda. Þetta mynstur gæti skýrst af efnahagsþróun, þar sem aðrar tekjur hækka í takt við að verg landsframleiðsla lækkar ([mynd 4](#)).

Mynd 20. Miðgildi annarra tekna 2007-2017

Figure 20. Median of other income 2007-2017




Skýringar Notes.: Á verðlagi ársins 2017. According to the price level of 2017.

Þessi munur á öðrum tekjum hjá innflytjendum og innlendum gæti að hluta til skýrst af mismunandi bótarétti. Gera má ráð fyrir að innflytjendur eigi síður rétt á félagslegum greiðslum en innlendir, sér í lagi þeir sem hafa dvalist stuttan tíma á Íslandi. Ef miðgildi annarra tekna er skoðað eftir dvalarlengd ([mynd 21](#)) sést að eftir því sem innflytjendur hafa dvalist lengur á Íslandi, því hærra er miðgildi annarra tekna. Fyrir innflytjendur sem hafa dvalist 9 ár eða lengur á Íslandi er miðgildi annarra tekna nánast það sama og hjá innlendum.

Mynd 21. Miðgildi annarra tekna eftir lengd dvalar 2007-2017

Figure 21. Median of other income by length of stay 2007-2017



Skýringar Notes.: Á verðlagi ársins 2017. According to the price level of 2017.

Menntun

Þekking er innflytjendum mikilvæg þar sem þekkingu er hægt að nýta til að takast á við þær margvíslegu áskoranir sem lífið hefur upp á að bjóða. Menntun er mikilvæg aðferð til að afla sér þekkingar en þegar fólk flyst frá einu landi til annars er hvorki víst að hægt sé að yfirfæra né meta menntun þeirra að fullu. Færni innflytjenda í íslensku getur einnig verið ábótavant sem getur hindrað innflytjendur í að mennta sig hér á landi. Því er mikilvægt að fylgjast náið með þróun menntunarvísna meðal innflytjenda. Vegna áðurnefndra hindrana getur verið sérstök hætta á því að menntunarvísar sýni að það halli á félagslega velferð innflytjenda.

Skólasókn gefur nákvæma, tímanlega, og næma vísbendingu um hvernig menntunarstaða, brautskráning og brottfallstölur gætu lítið út í framtíðinni, þar sem skólasókn er forsenda þeirra

Hér er skólasókn notuð sem vísbending um menntun innflytjenda þar sem mælingin nær til allra sem sækja skóla á Íslandi. Þannig opnast möguleiki á því að skoða nánar skólasókn innflytjenda í ítarlegri sundurliðun eftir kyni, búsetu, aldri, lengd dvalar, fæðingarsvæði og fæðingarlandi flokkuðu eftir samtölu heilsu, menntunar, og efnahags. Skólasókn er næmari mælikvarði á samfélagslegar breytingar en til dæmis menntunarstaða þjóðarinnar. Þetta skýrist af því að menntunarstaða er mæling á stöðu sem helst óbreytt fyrir flesta frá ári til árs þegar horft er á innflytjendur og innlenda í heild sinni. Þó óvenju margir, eða óvenju fáir, útskrifist eitt árið hefur það lítil áhrif á menntunarstöðuna í heild sinni. Skólasókn er bein mæling á því hversu margir eru skráðir í skóla í október á hverju ári. Tölur um brautskráningu og brottfall kalla hinsvegar á að nemenda sem hefur skráð sig í skóla sé fylgt eftir í ákveðinn tíma til þess að sjá hvernig honum farnast. Af þessum sökum fylgir því ákveðin tölfræði að fylgjast með brautskráningum og brottfallstölum, á meðan skólasókn gefur snemmbæra vísbendingu um hvert stefnir. Auk þess er skólasókn forsenda bæði menntunarstöðu, brautskráningar og brottfalls þar sem


mælingarnar eru háðar því að fólk hafi fyrst sótt skóla. Hagstofa Íslands gefur reglulega út tölur um menntunarstöðu, brautskráningu og brottfall. Talnaefni má finna á vef Hagstofunnar.

Skólasókn í leikskóla

Fyrir innflytjendur sem flytja til landsins á barnsaldri eru leikskólar oft fyrsta tengingin við íslenskt samfélag og íslensku. Það sama getur átt við um börn sem fæðast á Íslandi og eiga foreldra sem báðir eru innflytjendur. Þessi börn teljast til annarrar kynslóðar innflytjenda. Hér verður fjallað um skólasókn í leikskóla meðal innflytjenda, annarrar kynslóðar innflytjenda og innlendra.

Mynd 22. Skólasókn innlendra í leikskóla 2008–2017

Figure 22. *Domestics enrolled in primary school 2008–2017*




Skýringar *Notes:* Skólasókn er fjöldi nemenda sem sækir skóla miðað við mannfjölda á sama aldri og með sama bakgrunn. *Enrolment is the number of students enrolled in school compared to the total population of the same age and same background.*

Skólasókn innflytjenda í leikskóla er minni en skólasókn innlendra

Skólasókn innlendra barna í leikskóla er hærri en bæði skólasókn barna sem eru innflytjendur og sem teljast til annarrar kynslóðar innflytjenda. Á mynd 22 má sjá að skólasókn innlendra barna í leikskóla er almennt há og breytist hún lítið yfir tímabilið. Leikskólasókn innlendra barna á fyrsta aldursári tekur þó töluverðum breytingum yfir tímabilið og er hæst árið 2017.

Mynd 23. Skólasókn innflytjenda í leikskóla 2008–2017

Figure 23. Immigrants enrolled in primary school 2008–2017




Skýringar Notes: Skólasókn er fjöldi nemenda sem sækir skóla miðað við mannfjölda á sama aldri og með sama bakgrunn. Enrolment is the number of students enrolled in school compared to the total population of the same age and same background.

Börn innflytjenda sem fæðast erlendis og flytjast til Íslands á barnsaldri teljast sjálf til innflytjenda. Árið 2017 voru 16 innflytjendur á fyrsta aldursári sem sóttu leikskóla, eða 27,8% mannfjöldans á sama ári og með sama bakgrunn ([mynd 23](#)). Sama ár eru 102 fjögurra ára innflytjendur sem sækja leikskóla, eða 78,6% mannfjöldans á sama ári og með sama bakgrunn. Ef sömu tölur eru skoðaðar fyrir innlenda má sjá að 49,1% innlendra barna sækja leikskóla á fyrsta aldursári, eða 1.789 börn. Við fjögurra ára aldur er hlutfallið orðið 97,8%, eða 3.877 börn.

Mynd 24. Skólasókn annarrar kynslóðar innflytjenda í leikskóla 2008–2017

Figure 24. Second generation immigrants enrolled in primary school 2008–2017



Skýringar Notes: Skólasókn er fjöldi nemenda sem sækir skóla miðað við mannfjölda á sama aldri og með sama bakgrunn. Enrolment is the number of students enrolled in school compared to the total population of the same age and same background.

Skólasókn annarrar kynslóðar innflytjenda í leikskóla er hærri en skólasókn innflytjenda ([mynd 24](#)) sem þýðir að börn innflytjenda sem fæðast hér á landi eru


líklegri til að sækja leikskóla en börn innflytjenda sem eru fædd erlendis. Fyrir árið 2017 eru 131 annarrar kynslóðar innflytjendur á fyrsta aldursári, eða 31,2% sem ganga í leikskóla. Sama ár eru 317 börn á fjórða aldursári í leikskóla sem teljast til þessa hóps, og hlutfallið því orðið áþekkt og hlutfall innlendra í leikskóla, eða 94,1%. Útreikningarnir byggjast á samanburði skólasóknar við mannfjölda á sama aldri og með sama bakgrunn.

Annarrar kynslóðar innflytjendur á Íslandi eru flestir á barnsaldri ([mynd 7](#)). Fyrir utan leikskólatölurnar, þá miðast félagsvísarnir sem birtir eru í þessu hefti við fullorðna einstaklinga og henta því illa til að mæla félagslega stöðu annarrar kynslóðar innflytjenda. Þess vegna er staða annarrar kynslóðar innflytjenda einungis skoðuð sérstaklega fyrir skólasókn í leikskóla.

Skólasókn í framhaldsskóla

Mynd 25. Skólasókn innlendra í framhaldsskóla eftir aldri 2008-2017

Figure 25. Domestic enrolment in upper secondary school by age 2008-2017



Skýringar Notes: Skólasókn er fjöldi nemenda sem sækir skóla miðað við mannfjölda á sama aldri og með sama bakgrunn. Enrolment is the number of students enrolled in school compared to the total population of the same age and same background.

Árið 2017 sóttu 24% 19 ára innflytjenda framhaldsskóla samanborið við 69% innlendra


Skólasókn innflytjenda í framhaldsskóla er minni en skólasókn innlendra (sjá [mynd 25](#) og [mynd 26](#)). Hlutfallslega færri innflytjendur byrja í framhaldsskóla við 16 ára aldur en innlendir og hlutfallið sem sækir framhaldsskóla lækkar fyrir hvert aldursár. Áhugavert er að skoða skólasókn 16 ára barna, þar sem algengast er að byrjað sé í framhaldsskóla á þeim aldri. Ef miðað er við 3 ára framhaldsskólagöngu er rétt að veita skólasókn á 19. aldursári sérstaka athygli. Ef horft er til 2017 má sjá að 95,7% innlendra sem eru 16 ára sækja framhaldsskóla borið saman við 80,7% innflytjenda. Þá sækja 68,5% innlendra á 19. aldursári framhaldsskóla borið saman við 23,7% innflytjenda á sama aldursári. Þrátt fyrir að vera ekki bein mæling á brotthvarfi gefur endurtekning þessa munsturs yfir tímabilið vísbendingu um að brotthvarf úr framhaldsskóla sé algengara meðal innflytjenda en innlendra. Þetta kemur heim og saman við áður útgefið efni Hagstofu Íslands sem sýnir að brotfall er meira og brautskráning minni meðal innflytjenda en innlendra¹. Þar sem þetta er ekki mælt sérstaklega hér ber að geta þess að aðrar skýringar geta legið að baki lægri skólasóknar meðal innflytjenda á 19. aldursári. Til dæmis gæti verið

¹ Brautskráningarhlutfall og árgangsbrotthvarf af framhaldsskólastigi eftir bakgrunni 1995-2016

algengara að innflytjendur stundi styttra nám á framhaldsskólastigi og að af þeim sökum væri stærra hlutfall þeirra útskrifað fyrir 19 ára aldur.

Mynd 26. Skólasókn innflytjenda í framhaldsskóla eftir aldri 2008-2017

Figure 26. Immigrants' enrolment in upper secondary school by age 2008-2017




Skýringar Notes: Skólasókn er fjöldi nemenda sem sækir skóla miðað við mannfjölda á sama aldri og með sama bakgrunn. Enrolment is the number of students enrolled in school compared to the total population of the same age and same background.

Líklegast hafa margir þættir áhrif á minni skólasókn innflytjenda. Til dæmis er mögulegt að einhver hluti innflytjenda flytjist hér til lands við 18 eða 19 ára aldur í öðrum tilgangi en að sækja sér menntun. Því er mikilvægt að skoða skólasókn í framhaldsskóla eftir því hversu lengi einstaklingurinn hefur dvalið á Íslandi. [Mynd 27](#) sýnir að frá árinu 2014 hafa flestir innflytjenda sem sækja framhaldsskóla dvalist á Íslandi í meira en 9 ár.

Mynd 27. Fjöldi innflytjenda í framhaldsskóla eftir lengd dvalar á Íslandi 2007-2017

Figure 27. Number of immigrants enrolled in upper secondary school by length of stay 2007-2017




Skólasókn í háskóla

Heilt yfir er skólasókn innflytjenda í háskóla minni en skólasókn innlendra og á það við um öll aldersbil á tímabilinu 2008-2017 ([mynd 28](#) og [mynd 29](#)). Til dæmis sóttu 1.294 innlendir háskóla á 21. aldursári árið 2017. Það er 30,9% mannfjöldans sem er á sama aldri og hefur sama bakgrunn. Sambærileg tala fyrir innflytjendur er 14,6%, eða 109 nemendur.

Mynd 28. Skólasókn innlendra í háskóla eftir aldri 2008-2017


Figure 28. Domestic's enrolment in tertiary school by age 2008-2017



Skýringar Notes: Skólasókn er fjöldi nemenda sem sækir skóla miðað við mannfjölda á sama aldri og með sama uppruna. Enrolment is the number of students enrolled in school compared to the total population with the same age and same background.

Mynd 29. Skólasókn innflytjenda í háskóla eftir aldri 2008-2017

Figure 29. Immigrants' enrolment in tertiary school by age 2008-2017



Skýringar Notes: Skólasókn er fjöldi nemenda sem sækir skóla miðað við mannfjölda á sama aldri og með sama bakgrunn. Enrolment is the number of students enrolled in school compared to the total population of the same age and same background.

Meirihluti innflytjenda í háskóla hefur dvalið hér á landi í minna en fimm ár


Þegar skólasókn í háskóla er skoðuð eftir lengd dvalar ([mynd 30](#)) er ýmislegt sem bendir til þess að innflytjendur í háskóla séu annar hópur en innflytjendur í framhaldsskóla, en algengast er að innflytjendur í háskóla hafi dvalist hér á landi í

minna en 5 ár. Því væri hægt að draga þá ályktun að stór hluti þessa hóps innflytjenda flytjist til landsins í þeim tilgangi að stunda hér háskólanám hvort sem það er grunnnám, skiptinám, framhaldsnám eða doktorsnám. Mikilvægt er að setja þessar tölur í samhengi við minni skólasókn innflytjenda í framhaldsskóla við 19 ára aldurog þá staðreynd að flestir innflytjendur sem sækja framhaldsskóla hafa dvalið hér lengur en 9 ár.

Skólasókn í háskóla tekur til allra stiga háskólamenntunar, einnig doktorsnáms. Tölurnar gera ekki greinamun á þeim innflytjendum sem koma hingað í doktorsnám eða hefja grunnnám við háskólann. Þrátt fyrir að stór hluti doktorsnema séu innflytjendur, er þetta námsstig háskólans fámennt og hefur því lítil áhrif á heildartölurnar.

Mynd 30. Fjöldi innflytjenda í háskóla eftir lengd dvalar á Íslandi 2007-2017

Figure 30. Number of immigrants enrolled in tertiary school by length of stay 2007-2017



Atvinna

Hagstofa Íslands gerir engar beinar mælingar á því hvaða ástæður liggja að baki þess að þess að innflytjendur flytja til landsins en slá má föstu að íslenskur vinnumarkaður sé einn þeirra þátta sem dregur fólk til landsins. Atvinnuleysi á Íslandi er töluvert lægra en í hefðbundnum samanburðarlöndum, eða um 2,8% 2017. Til samanburðar sýna tölur frá 2017 að meðalatvinnuleysi í aðildarríkjum OECD hafi verið 6,5%¹. Evrópskur samanburður bendir jafnframt til þess að laun á Íslandi séu almennt hærri en gengur og gerist í Evrópu². Að lokum bendir samanburður á breytingum á vergri landsframleiðslu á mann við breytingar á hlutfalli innflytjenda ([mynd 4](#)) til þess að fleiri flytjist til landsins þegar efnahagsástandið er gott.

Þó að atvinnutækifæri séu hlutfallslega mörg hér á landi geta innflytjendur engu að síður átt í erfiðleikum við að komast inn á íslenskan vinnumarkað og óvíst er hvort hæfni þeirra sé viðurkennd. Til að skoða félagslega stöðu innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði var hlutfall starfandi, atvinnuleysi og hlutfall ofmenntunar skoðað.

¹ OECD (2017), *How's Life? 2017: Measuring Well-being*, p. 130. OECD Publishing, Paris. http://dx.doi.org/10.1787/how_life-2017-en

² Evrópskur samanburður á launum eftir aldri og kyni 2002, 2006, og 2010

Endurskoðun stendur yfir á úrvinnslu vinnumarkaðsrannsóknar Hagstofu Íslands, meðal annars í þeim tilgangi að geta ályktað um erlent vinnuafl á íslenskum vinnumarkaði af nákvæmni. Af þeim ástæðum eru atvinnuvísar um innflytjendur bráðabirgðatölur.

Starfandi

Nýjustu tölur benda til þess að hlutfallslega fleiri innflytjendur séu starfandi en innlendir


Niðurstöður benda til þess að hlutfall starfandi yfir tímabilið 2008 til 2015 sé áþekkt fyrir innflytjendur og innlenda ([mynd 31](#)) en meiri óvissa ríkir um mat á hlutfalli starfandi meðal innflytjenda. Tölurnar frá 2016 og 2017 benda þó til þess að hlutfallslega fleiri innflytjendur séu starfandi en innlendir. Með 95% öryggi er áætlað að á bilinu 83,2% til 88,2% innflytjenda hafi verið starfandi árið 2016 en á bilinu 80,0% til 81,5% innlendra. Fyrir 2017 að á bilinu 85,9% til 90,8% innflytjenda hafi verið starfandi en 78,9% til 80,5% innlendra. Þessi munur á atvinnuþátttöku innflytjenda og innlendra er marktækur

Þessar niðurstöður svipa til landanna Ísrael, Ungverjalands og Luxemborgar þar sem hlutfall starfandi er að minnsta kosti 7% hærra meðal innflytjenda en innlendra. Munurinn á innflytjendum og innlendum á Íslandi er þó ekki eins mikill. Niðurstöðurnar eru hins vegar ólíkar tölum frá Belgíu, Frakklandi, Danmörku, Hollandi og Svíþjóð, þar sem hlutfall starfandi er að minnsta kosti 10% lægra meðal innflytjenda en innlendra. Að jafnaði mælist þó ekki munur á hlutfalli starfandi meðal innflytjenda og innlendra í OECD ríkjunum, þar sem hlutfallið er að um 67% fyrir báða hópa. Hlutfall starfandi á Íslandi er því hærra en í OECD ríkjunum, og það gildir fyrir bæði innlenda og innflytjendur¹. Þó þetta setji niðurstöðurnar í aljóðlegt samhengi, eru tölur mismunandi ríkja ekki að fullu samanburðarhæfar þar sem skilgreiningin á innflytjendum er ekki eins. Þó er stuðst við sömu skilgreiningu á hlutfalli starfandi, sem er mælikvarði á hversu margir eru starfandi af mannfjölda. Nákvæmar skýringar á hugtökum má finna í kaflanum [skýringar](#).

¹ OECD (2017), *How's Life? 2017: Measuring Well-being*, p. 132. OECD Publishing, Paris.
http://dx.doi.org/10.1787/how_life-2017-en

Mynd 31. Hlutfall starfandi 2008-2017

Figure 31. Percentage employed 2008-2017



Skýringar Notes: Myndin sýnir hlutfall starfandi af mannfjölda með sama bakgrunn og 95% öryggisbil. Tölurnar eru bráðabirgðatölur. The figure shows the percentage of employed of the total population with the same background and the 95% confidence interval. The estimates are preliminary figures.

Atvinnuleysi

Undanfarin ár hefur ekki mælst munur á atvinnuleysi innflytjenda og innlendra


Niðurstöður vinnumarkaðsrannsóknar benda til þess að atvinnuleysi innflytjenda og innlendra hafi verið svipað undanfarin ár, en þó ríkir meiri óvissa um mat á atvinnuleysi innflytjenda ([mynd 32](#)). Atvinnuleysi meðal innflytjenda mælist meira en atvinnuleysi innlendra á árunum eftir efnahagshrunið 2008 og mælist mestur munur milli innflytjenda og innlendra árið 2010. Erfitt reynist þó að áætla með mikilli nákvæmni hversu hátt atvinnuleysi hafi verið meðal innflytjenda. Með 95% öryggi er áætlað að atvinnuleysi innflytjenda hafi verið á bilinu 10,9% til 16,6% árið 2010. Tölurnar frá 2017 sýna ómarktækan mun milli atvinnuleysis innlendra og innflytjenda. Í báðum hópum er atvinnuleysi metið sem minna en þrjú prósent. Að jafnaði er atvinnuleysi hærra meðal innflytjenda í OECD ríkjunum, eða 8,3% meðal innflytjenda og 6,5% fyrir innlenda¹. Af þessu sést að atvinnuleysi bæði innflytjenda og innlendra er lægra á Íslandi árið 2017.

Atvinnuleysi er útreikningur á hlutfalli atvinnulausra af vinnuaflinu. Atvinnulausir teljast þeir sem voru án atvinnu í viðmiðunarviku vinnumarkaðsrannsóknar, eru að leita að vinnu og geta hafið störf innan tveggja vikna eða hafa fengið starf sem hefst innan 3 mánaða. Nákvæma skilgreiningu má finna í kaflanum [skýringar](#).

¹ OECD (2017), *How's Life? 2017: Measuring Well-being*, p. 132. OECD Publishing, Paris. http://dx.doi.org/10.1787/how_life-2017-en

Mynd 32. Hlutfall atvinnulausra 2008-2017

Figure 32. Unemployment rate 2008-2017



Skýringar Notes: Myndin sýnir hlutfall atvinnulausra af vinnuaflinu með sama bakgrunn og 95% öryggisbil. Tölurnar eru bráðabirgðatölur. The figure shows the percentage of unemployed of the total work force with the same background and the 95% confidence interval. The estimates are preliminary figures.

Ofmenntun

Algengara er að innflytjendur séu ofmenntaðir fyrir störfín sem þeir gegna en innlendir sem þeir gegna en innlendir

Áætlað er að innflytjendur séu í meira mæli ofmenntaðir fyrir störfín sem þeir gegna en innlendir ([mynd 33](#)). Þrátt fyrir að erfitt sé að leggja nákvæmt mat á hversu stórt hlutfall innflytjenda teljist ofmenntaðir fyrir störfín sem þeir sinna, þá sýna niðurstöðurnar skýrt að ofmenntun er algengari meðal innflytjenda en innlendra. Um marktækan mun er að ræða. Þetta á við um öll árin á tímabilinu 2009-2017 en hlutfall ofmenntunar helst nokkuð stöðugt yfir tímabilið.


Ofmenntun er hlutfall háskólamenntaðra sem starfa við störf sem krefjast lágrar eða meðal færni

Ofmenntun er skilgreind sem hlutfall háskólamenntaðra einstaklinga af öllum starfandi, sem vinna við störf sem krefjast lágrar eða meðal mikillar færni. Til að flokka störf samkvæmt færni er stuðst við alþjóðlega starfaflokkun (ISCO08)¹. Þessi starfaflokkun flokkar störf í þrjú færnisstig: lágt, meðal og hátt færnisstig. Menntun er flokkuð í þrennt; í grunn-, framhalds- og háskólamenntun. Nákvæmari skýringar á ofmenntun má finna í kaflanum [skýringar](#).

¹ www.ilo.org/public/english/bureau/stat/isco/

Mynd 33. Hlutfall ofmenntaðra eftir bakgrunni 2009-2017

Figure 33. Overqualification rate by background 2009-2017



Skýringar Notes: Myndin sýnir hlutfall ofmenntaðra eftir bakgrunni. Tölurnar eru bráðabirgðatölur. Tímaröðin fyrir ofmenntun byrjar 2009. Ástæðan er sú að útreikningarnir byggja á starf flokkun þar sem aðeins eru til kóðuð gildi sem byggir á henni frá árinu 2009. The figure shows the percentage of overqualified individuals by background and the 95% confidence interval. The estimates are preliminary figures. The time series for overqualification starts 2009 since the calculations are based on a job classification that only has encoded values from 2009.

Húsnæði

Húsnæði skiptir sköpum fyrir velferð einstaklinga. Til að leggja mat á gæði húsnæðis var horft til mælinga á stöðu á húsnæðismarkaði, ástand húsnæðis og húsnæðiskostnaðar.

Á leigumarkaði


Hlutfallslega fleiri innflytjendur eru á leigumarkaði en innlendir

Algengara er að innflytjendur séu á leigumarkaði en innlendir ([mynd 34](#)). Staða á húsnæðismarkaði veitir mikilvægar upplýsingar um félagslega velferð innflytjenda, þar sem fyrri útgáfur Hagstofu Íslands hafa sýnt að byrði húsnæðiskostnaðar er hærrí meðal leigjenda á almennum markaði en meðal þeirra sem eiga húsnæðis sitt¹. Erfitt er að leggja nákvæmt mat á hversu stórt hlutfall innflytjenda er á leigumarkaði en áætlað er að á bilinu 34,2% til 52,6% innflytjenda hafi verið á leigumarkaði á árunum 2008 til 2016. Á sama tíma er áætlað að 13,3% til 21,0% innlendra hafi verið á leigumarkaði. Ef horft er á tölur ársins 2016, þá er áætlað með 95% öryggi að á bilinu 40,0% til 54,3% hafi verið á leigumarkaði. Þrátt fyrir að stærri óvissa ríki um hlutfall innflytjenda, er skýrt að hlutfallslega fleiri innflytjendur eru á leigumarkaði en innlendir. Tímaröðin gefur vísbendingu um að hlutfall innflytjenda sem leigir hafi aukist síðan 2008, en óvissan er of mikil til þess að hægt sé að fullyrða að um tölfræðilega marktækan mun sé að ræða.

¹Byrði húsnæðiskostnaðar eftir tegund húsnæðis og stöðu á húsnæðismarkaði 2004 til 2014, Hagstofa Íslands

Mynd 34. Hlutfall á leigumarkaði eftir bakgrunni 2008-2016

Figure 34. Percentage of tenants by background 2008-2016



Skýringar Notes: Myndin sýnir hlutfall á leigumarkaði eftir bakgrunni og 95% öryggisbil. The figure shows the percentage of tenants by background and the 95% confidence interval.

Býr þröngt

Fleiri innflytjendur búa þröngt árið 2016 en innlendir


Á árunum 2008 til 2016 eru fleiri innflytjendur sem búa þröngt en innlendir ([mynd 35](#)). Á þessum árum er áætlað að á bilinu 15,1% til 33,2% innflytjenda hafi búið þröngt, á meðan 5,9% til 7,6% innlendra eru taldir hafa búið við sömu aðstæður á sama tímabili. Þó að erfitt sé að áætla nákvæmlega hversu stór hluti innflytjenda búi þröngt, má enga síður sjá að marktækur munur er á þröngbýli þeirra og innlendra.

Skilgreining á þröngbýli

Alþjóðleg skilgreining Eurostat (hagstofa Evrópusambandsins) á þröngbýli var notuð, en samkvæmt henni er þröngbýli reiknað út frá fjölda herbergja og samsetningu heimilisfólks. Sjá [skýringar](#) fyrir nákvæma skilgreiningu.

Mynd 35. Býr þröngt eftir bakgrunni 2008-2016

Figure 35. Overcrowding by background 2008-2016



Skýringar Notes: Myndin sýnir hlutfall sem býr þröngt eftir bakgrunni og 95% öryggisbil. The figure shows the percentage in overcrowded households by background and the 95% confidence interval.


Lélegt ástand húsnæðis

Óvíst er hvort fleiri innflytjendur búi við lekandi þak, raka og myglu

Töluverð óvissa ríkir um hvort munur sé á hvernig innflytjendur eða innlendir meta ástand húsnæðis ([mynd 36](#)). Á árunum 2008 til 2016 er áætlað að á bilinu 15,9% til 26,8% innflytjenda telji sig búa í húsnæði í lélegu ástandi borið saman við 15,5% til 19,7% innlendra. Þrátt fyrir að árlegt hlutfall sé í sumum tilvikum hærra meðal innflytjenda, er munurinn ekki tölfræðilega marktækur. Þetta skýrist af því að mikil óvissa er um nákvæmt hlutfall innflytjenda sem telur sig búa við slæmt ástand húsnæðis. Niðurstöðurnar byggja á spurningu úr lífskjararannsókninni þar sem spurt er hvort þakleki, raki eða fúí sé til vandræða í húsnæðinu sem þau búa í.

Mynd 36. Metur húsnæði í slæmu ástandi eftir bakgrunni 2008-2016

Figure 36. Experiences deficit with housing by background 2008-2016



Skýringar Notes: Myndin sýnir hlutfall sem telur húsnæði í slæmu ástandi eftir bakgrunni og 95% öryggisbil. The figure shows the percentage experiencing deficit with housing by background and the 95% confidence interval.


Íþyngjandi húsnæðiskostnaður

Fleiri innflytjendur upplifa íþyngjandi húsnæðiskostnað

Niðurstöðurnar frá árinu 2016 benda til þess að þá hafi hlutfallslega fleiri innflytjendur upplifað íþyngjandi húsnæðiskostnað en innlendir og að sá munur sé marktækur ([mynd 37](#)). Með 95% öryggi er áætlað að á bilinu 21,1% til 34,5% innflytjenda hafi upplifað húsnæðiskostnað sinn sem íþyngjandi en 17,5% til 20,7% innlendra. Á árunum 2010 til 2011 upplifðu bæði innflytjendur og innlendir meiri íþyngjandi húsnæðiskostnað en hafði verið 2008 og 2009. Árið 2016 upplifa innlendir að jafnaði meiri íþyngjandi húsnæðiskostnað en þeir gerðu árið 2008, en hlutfallið hefur þó minnkað stöðugt síðan 2011. Óvíst er hvort sama þróun hafi átt sér stað meðal innflytjenda, þar sem ekki er marktækur munur á milli hlutfallsins sem upplifði íþyngjandi húsnæðiskostnað árið 2011 og á eftirfarandi árum í tímaröðinni. Niðurstöðurnar byggja á spurningu í lífskjararannsókninni, þar sem spurt er hvort fólk upplifi íþyngjandi húsnæðiskostnað.

Mynd 37. Upplifir íþyngjandi húsnæðiskostnað eftir bakgrunni 2008-2016

Figure 37. Experiences overburden housing cost by background 2008-2016




Skýringar Notes: Myndin sýnir hlutfall upplifir íþyngjandi húsnæðiskostnað eftir bakgrunni og 95% öryggisbil. The figure shows the percentage experiencing overburden of housing cost by background and the 95% confidence interval.

Áætlað er að byrði húsnæðiskostnaðar sé svipuð fyrir innflytjendur og innlenda 2008-2016

Ef miðað er við útreikninga á byrði húsnæðiskostnaðar í stað upplifunar fólks, má sjá að algengast er að húsnæðiskostnaður sé á bilinu 20% til 25% af heildartekjum heimilisins árin 2008-2016 ([mynd 38](#)). Meðalbyrði húsnæðiskostnaðar innlendra og innflytjenda er svipuð á tímabilinu, þó óvissan sé lítillega meiri hvað varðar byrði húsnæðiskostnaðar hjá innflytjendum. Árið 2016 var meðalbyrði húsnæðiskostnaðar með 95% öryggi á bilinu 21,0% til 27,3% hjá innflytjendum en 19,5% til 20,7% fyrir innlenda. Munurinn er því marktækur árið 2016, sem bendir til þess að byrði húsnæðiskostnaðar hafi verið meiri fyrir innflytjendur en innlenda það ár.

Mynd 38. Meðalbyrði húsnæðiskostnaðar eftir uppruna 2008-2016

Figure 38. Average housing cost by background 2008-2016



Skýringar Notes: Myndin sýnir meðalbyrði húsnæðiskostnaðar eftir bakgrunni og 95% öryggisbil. The figure shows the average housing cost by background and the 95% confidence interval.

Árið 2016 voru innflytjendur með hlutfallslega hærri húsnæðiskostnað

Nánari skoðun á þeim sem búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað sýnir svipaða sögu ([mynd 39](#)). Áþekkt hlutfall innflytjenda og innlendra búa við verulega íþyngjandi

húsnæðiskostnað. Þar sem óvissan er meiri hvað varðar innflytjendur gæti húsnæðiskostnaður þeirra verið meira íþyngjandi eða minna íþyngjandi að jafnaði. Aftur benda niðurstöðurnar frá 2016 til þess að byrði húsnæðiskostnaðar sé meiri fyrir innflytjendur en innlenda. Metið er með 95% öryggi að á bilinu 8,3% til 18,9% innflytjenda, en 5,5% til 7,5% innlenda búi við íþyngjandi húsnæðiskostnað. Um marktækan mun er að ræða.


Ef tölurnar fyrir innflytjendur eru settar í samhengi við lægri heildartekjur þeirra ([mynd 13](#)) og meira þröngbýli meðal þessa hóps ([mynd 37](#)), þá væri hægt að draga þá ályktun að áþekk byrði húsnæðiskostnaðar innflytjenda og innlendra sé til marks um að fólk í mörgum tilvikum sníði sér stakk eftir vexti.

Skilgreining á meðalbyrði
húsnæðiskostnaðar og
íþyngjandi húsnæðiskostnaðar

Húsnæðisbyrði er reiknuð sem hlutfall ráðstöfunartekna á neyslueiningu sem er varið í húsnæðiskostnað. Íþyngjandi húsnæðiskostnaður byggir á þessum útreikningum. Þar sem húsnæðiskostnaðurinn nemur 40% eða meira af heildartekjum heimilisins telst hann verulega íþyngjandi.

Mynd 39. Íþyngjandi húsnæðiskostnaður eftir bakgrunni 2008-2016

Figure 39. Overburden housing cost rate by background 2008-2016



Skýringar Notes: Myndin sýnir hlutfall með íþyngjandi húsnæðiskostnað eftir bakgrunni og 95% öryggisbil. The figure shows the percentage with overburdening housing cost by background and the 95% confidence interval.

Lýðræði

Lýðræðisvísar tilheyra þeirri vídd félagslegrar velferðar sem snýr að þátttöku einstaklinga við að móta samfélagið sem þeir búa í. Lýðræðisleg þátttaka einstaklinga getur falið í sér margar hliðar. Hún getur snúist um vilja einstaklinga til að taka þátt, möguleika þeirra til þátttöku eða í hve miklum mæli þeir notfæra sér möguleika sína. Félagsvísar sem hafa verið notaðir til að ná utanum þessa vídd hafa til dæmis verið mælingar á kosningaþátttöku, aðgengi að ýmiss konar þjónustu og traust á stjórnvöldum. Þessa vídd getur verið sérstaklega mikilvægt að skoða í tilfalli innflytjenda, þar sem þeir geta mætt bæði raunverulegum og upplifuðum hindrunum við lýðræðislega þátttöku í samfélaginu. Til dæmis geta verið lagalegar hindranir fyrir kosningaþátttöku eða stjórnkerfi verið flókið fyrir utanaðkomandi aðila. Hér er stéttafélagsaðild notuð sem mælikvarði á lýðræðislega þátttöku. Vísirinn einn og sér nær þó ekki á réttmætan hátt að mæla lýðræðisvíddina. Vegna þessa er erfiðara að draga ályktanir um stöðu víddarinnar út frá einni mælingu en

fyrir aðrar víddir sem hér hefur verið fjallað um og er því mikilvægt þróunarverkefni fyrir Hagstofu Íslands að fjölga mælingum á þessari vídd.


Stéttarfélagsaðild

Árið 2015 og 2016 er stéttarfélagsaðild innflytjenda meiri en stéttarfélagsaðild innlendra

Niðurstöður benda til þess að stéttarfélagsaðild innflytjenda og innlendra sé svipuð og fylgist að yfir tímabilið ([mynd 40](#)). Þó ríkir meiri óvissa um mat á stéttarfélagsaðild innflytjenda en aðild innlendra. Á tímabilinu eiga sér þó stað breytingar. Á árunum 2011 til 2013 er stéttarfélagsaðild lægri meðal innflytjenda en innlendra. Um marktækan munur er að ræða. Frá árinu 2014 og til dagsins í dag er ekki marktækur munur á stéttarfélagsaðild innflytjenda og innlendra. Stéttarfélagsaðild er reiknað sem hlutfall launafólks sem skráð er í stéttarfélag.

Mynd 40. Stéttarfélagsaðild eftir bakgrunni 2008-2017

Figure 40. Union membership by background 2008-2017



Gögn: Vinnumarkaðsrannsókn

Skýringar Notes: Myndin sýnir hlutfall með aðild að stéttarfélagi eftir bakgrunni og 95% öryggisbili. Tölurnar eru bráðabirgðatölur. The figure shows the percentage with union membership by background and the 95% confidence interval. The estimates are preliminary figures.

Jafnvægi atvinnu og einkalífs

Eitt einkenni norrænna velferðaríkja eins og Íslands er áhersla á að jafnvægi sé milli atvinnu og einkalífs. Fyrirkomulag vinnunnar getur haft áhrif á möguleika fólks að sinna einkalífi. Til dæmis geta langir vinnudagar, kvöld-, helgar-, og næturvinna dregið úr möguleikum viðkomandi á samverustundum með fjölskyldu og vinum¹. Að sama skapi getur reynst erfitt að sinna atvinnu, ef skyldur einkalífsins eru of miklar. Að þessu sinni tekur víddin einungis til vísa sem tengjast fyrirkomulagi vinnunnar. Mikilvægt er að halda áfram þróun á mælingum víddarinnar þannig að þær tækju einnig til fyrirkomulags einkalífs.

Vinnutími

Að jafnaði er áætlað að innflytjendur og innlendir vinni um 40 klukkustundir á viku


Niðurstöðurnar benda til þess að meðalvinnutími innflytjenda og innlendra sé áþekkur, eða um 40 klukkustundir á viku ([mynd 41](#)). Þó ríkir meiri óvissa um mat á vinnutíma innflytjenda en innlendra. Til dæmis fyrir árið 2017 er áætlað að

¹ [Félagsvísar: Vaktavinna á Íslandi 2006-2016](#)

meðalvinnutími innflytjenda hafi verið á bilinu 40,2 til 42,7 klukkustundir á viku en innlendra á bilinu 39,3 til 40,1 klukkustundir á viku sé miðað við 95% öryggismörk. Með vinnutíma er átt við heildarvinnutíma svaranda í aðal- og aukastarfi í viðmiðunarviku vinnumarkaðsrannsóknar Hagstofu Íslands.

Mynd 41. Meðal vinnutími á viku eftir bakgrunni 2008-2017

Figure 41. Average working hours per week by background 2008-2017



Skýringar Notes: Myndin sýnir meðal vinnutíma eftir bakgrunni og 95% öryggisbil. Tölurnar eru bráðabirgðatölur. The figure shows average working hours per week by background and the 95% confidence interval. The estimates are preliminary figures.


Óhefðbundinn vinnutími

Gögnin gefa vísbendingu um að óhefðbundinn vinnutími sé algengari meðal innflytjenda

Mun meiri óvissa ríkir um hversu algengt það sé að innflytjendur vinni á óhefðbundnum vinnutíma en fyrir sambærilegt mat á vinnutíma innlendra ([mynd 42](#)). Fyrir flest árin á tímabilinu er áætlað að óhefðbundin vinnutími sé algengari meðal innflytjenda en innlendra, en í flestum tilvikum er munurinn ekki tölfræðilega marktækur. Fyrir árin 2011 og 2015 er munurinn þó marktækur og hægt að álykta að innflytjendur vinni frekar á óhefðbundnum vinnutíma en innlendir. Fólk telst vinna á óhefðbundnum vinnutíma ef það svarar því til að það vinni oft á næturnar, kvöldin, á laugardögum eða sunnudögum. Nákvæma skilgreiningu má finna í kaflanum [skýringar](#).

Mynd 42. Óhefðbundinn vinnutími eftir bakgrunni 2008-2017

Figure 42. Non-standard working hours by background 2008-2017




Skýringar Notes: Myndin sýnir hlutfall sem vinnur óhefðbundinn vinnutíma eftir bakgrunni og 95% öryggisbil. Tölurnar eru bráðabirgðatölur. The figure shows the percentage working non-standard working hours by background and the 95% confidence interval. The estimates are preliminary figures.

Vaktavinna

Að sama skapi ríkir óvissa um hversu algengt er að innflytjendur vinni vaktavinnu ([mynd 43](#)). Árin 2008-2017 er sjaldnast um marktækan mun að ræða en árin 2009 og 2017 eru þó undantekning. Árið 2017 vann stærra hlutfall innflytjenda en innlendra vaktavinnu, eða á bilinu 25,2% til 32,8% innflytjenda. Talið er að á bilinu 21,9% til 23,9% innlendra hafi unnið vaktavinnu sama ár. Vaktavinna er skilgreind sem vinnufyrirkomulag þar sem starfsfólk leysir hvert annað af hólmi á tiltekinni starfsstöð samkvæmt fyrirframgefnu skipulagi sem leiðir til þess að fólk vinnur á ólíkum tímum dags á mismunandi vikudögum eða tímabilum. Vaktavinna getur falið í sér kvöld-, nætur- og helgavinnu.

Mynd 43. Vaktavinna eftir bakgrunni 2008-2017

Figure 43. Shift work by origin 2008-2017



Skýringar Notes: Myndin sýnir hlutfall sem vinnur vaktavinnu eftir bakgrunni og 95% öryggisbil. Tölurnar eru bráðabirgðatölur. The figure shows the percentage of shift-workers by background and the 95% confidence interval. The estimates are preliminary figures.

Umhverfisgæði

Þar sem algengt er að innflytjendur hafi verri fjárhagsstöðu en innlendir eru meiri líkur á því að þeir setjist að í hverfum þar sem umhverfislegum gæðum er ábótavant. Til dæmis sýna niðurstöður Eurostat að 1 af hverjum 4 innflytjendum telur sig búa við slæm umhverfisleg gæði í nærumhverfinu borið saman við 1 af hverjum 5 innlendum. Niðurstöðurnar byggja á meðaltali frá 22 Evrópu löndum¹. Til að leggja mat á umhverfisleg gæði eftir bakgrunni voru mælingar á upplifun á nærumhverfi skoðaðar.


Upplifaður hávaði í nærumhverfi

Árið 2016 urðu innflytjendur fyrir meiri óþægindum vegna hávaða en innlendir

Spurt var hvort einstaklingar verði fyrir óþægindum í heimili sínu vegna hávaða frá til dæmis nágrönnum, umferð, skemmtistöðum eða einhverri starfsemi. Niðurstöðurnar benda til þess að innflytjendur upplifa að jafnaði meiri hávaða í nærumhverfi sínu en innlendir ([mynd 44](#)). Þessi munur er aðeins tölfræðilega marktækur fyrir árin fyrir árin 2013, 2014 og 2016. Árið 2016 er áætlað með 95% öryggi að á bilinu 12,7% til 24,3% innflytjenda verði fyrir óþægindum af hávaða í nærumhverfi sínu en 9,2% til 11,7% innlendra.

Mynd 44. Upplifaður hávaði í nærumhverfinu eftir bakgrunni 2008-2016

Figure 44. Experiences noise in the neighborhood by background 2008-2016



Skýringar Notes:: Myndin sýnir hlutfall sem upplifir hávaða í sínu nærumhverfi eftir bakgrunni og 95% öryggisbil. The figure shows the percentage that experiences noise in their neighborhood by origin and the 95% confidence interval.

Upplifir mengun í nærumhverfi


Svipuð upplifun af mengun og óhreinindum í nærumhverfinu eftir bakgrunni

Spurt var hvort einstaklingar verði fyrir óþægindum vegna óhreininda og mengunar í nærumhverfi sínu. Niðurstöður benda til þess að upplifun innflytjenda og innlendra sé áþekk ([mynd 45](#)). Þó ríkir töluvert meiri óvissa um mat innflytjenda á mengun og óhreinindum í sínu nærumhverfi. Til dæmis er áætlað að um 5,3% til 13,0% innflytjenda upplifi að mengun og óhreinindi séu til vandræða í sínu nærumhverfi árið 2016 en um 6,8% til 8,9% innlendra miðað við 95% öryggismörk.

¹ Útreikningar gerðir af OECD of byggja á EU-SILC gögnum frá 2014

Mynd 45. Upplifir mengun og óhreinindi í nærumhverfinu eftir bakgrunni 2008-2016

Figure 45. Experiences pollution and grime in the neighborhood by background 2008-2016



Skýringar Notes: Myndin sýnir hlutfall sem upplifir mengun og óhreinindi í sínu nærumhverfi eftir bakgrunni og 95% öryggisbil. The figure shows the percentage that experiences pollution and grime in their neighborhood by background and the 95% confidence interval.

Öryggi

Að vera öruggur fyrir hvers konar glæpum og ofbeldi skiptir sköpum fyrir félagslega velferð fólks. Veik félagsleg staða birtist oft í meiri líkum á því að verða fyrir ofbeldi¹. Hér var upplifun fólks af því hvort glæpir, ofbeldi, eða skemmdaverk væru vandamál í þeirra nærumhverfi notuð sem mælikvarði á öryggi. Vísirinn einn og sér nær þó ekki á réttmætan hátt að mæla öryggisvíddina og því æskilegt að til framtíðar verði bætt við fleiri mælingum á þessari vídd. Ákveðin varfærni krefst því áður en of stórar ályktanir eru dregnar um stöðu víddarinnar útfrá þessari einu mælingu.

Óþægindi vegna glæpa

Mikil óvissa ríkir um upplifun innflytjenda af glæpum og ofbeldi


Spurt var hvort einstaklingurinn verði fyrir óþægindum vegna skemmdaverka, ofbeldis eða ólöglegrar starfsemi af einhverju tagi í nágrenninu. Niðurstöðurnar geta ekki sýnt fram á marktækan mun milli upplifunar innflytjenda og innlendra í flestum tilvikum (mynd 46). Meiri óvissa ríkir um upplifun innflytjenda á glæpum, ofbeldi og skemmdarverkum. Til dæmis er áætlað að á bilinu 4,6% til 14,9% innflytjenda hafi upplifað að glæpir, ofbeldi eða skemmdaverk sköpuðu vandræði í þeirra nærumhverfi árið 2009 en 3,2% til 4,7% innlendra. Munurinn er ekki tölfræðilega marktækur. Árið 2016 upplifðu 1,6% til 8,0% innflytjenda óþægindi vegna glæpa og ofbeldis en 1,5% til 2,7% innlendra. Munurinn er þó ekki tölfræðilega marktækur.

¹ Harrell et al. (2014). Household poverty and nonfatal violent victimization, 2008-2012. Bureau of Justice Statistics.

Haugen & Boutros. (2014). The Locust effect. Why the end of poverty requires the end of violence. Oxford University Press.

Mynd 46. Upplifir að glæpir, ofbeldi, eða skemmdaverk séu vandamál í nærumhverfinu eftir bakgrunni 2008-2016

Figure 46. Experiences problems with crime, violence and vandalism in the neighborhood by background 2008-2016



Gögn: Lífskjarannsókn Hagstofunnar

Skýringar Notes: Myndin sýnir hlutfall sem upplifir að glæpir, ofbeldi eða skemmdarverk séu vandamál í sínu nærumhverfi eftir bakgrunni og 95% öryggisbili. The figure shows the percentage that experiences that crime, violence, and vandalism is a problem in their neighborhood by background and the 95% confidence interval.

Aðferðir félagsvísa

Lesendum er bent á greinargerð um endurskoðun félagsvísa fyrir nánari lýsingu á aðferðum

Í mars 2009 samþykkti þáverandi ríkisstjórn Íslands tillögu velferðarvaktarinnar að setja af stað vinnu við að safna saman ýmiskonar samfélagslegum mælingum undir yfirskriftinni félagsvísa. Síðan 2012 hefur Hagstofa Íslands, í samvinnu við Velferðarráðuneytið, gefið út félagsvísa. Í byrjun árs 2019 var gefin út greinargerð um aðferðir félagsvísa¹. Markmið greinargerðarinnar var að skýra nánar hvað vísaarnir eigi að mæla og gera kerfisbundið gæðamat á félagsvísunum. Lesendum þessa sérheftis er bent á þessa greinargerð fyrir nákvæmari lýsingu á aðferðum félagsvísa. Hér verður aðeins farið yfir þau gögn sem notuð hafa verið fyrir þetta sérhefti. Einnig verður fjallað um mikilvæga fyrirvara við túlkun gagnanna.

Hugtakið félagsleg velferð er breitt, erfitt að skilgreina, og ómögulegt að mæla beint. Til að gera hugtakið viðráðanlegra, er félagslegri velferð skipt í víddir, sem allar teljast mikilvægar fyrir félagslega velferð. Hægt er að líta á víddir sem regnhlífarhugtak yfir þætti af svipuðum meiði sem taldir eru hafa áhrif á félagslega velferð. Mælingar á víddunum eru hinir eiginlegu félagsvísa. Víddir félagslegrar velferðar samkvæmt Hagstofu Íslands eru 11 talsins og má sjá í myndinni að neðan ([mynd 47](#)).

¹ [Greinargerð um endurskoðun félagsvísa](#)

Mynd 47. Víddir félagslegrar velferðar samkvæmt Hagstofu Íslands

Figure 47. Social well-being dimensions according to Statistics Iceland



Í þessu sérhefti var horft til 8 vídda félagslegrar velferðar. Ástæður þess að víddir og vísar voru útilokaðir byggði fyrst og fremst á því að þeir væru ekki nægilega tímanlegar og áreiðanlegar til útgáfu fyrir þetta sérhefti. Velliðunarvísar og félagsleg tengsl voru ekki tekin til skoðunar sökum óreglulegra mælinga. Vegna þess að aldursdreifing innflytjenda og innlendra er eins ólík og raun ber vitni ([sjá kaflann um aldurskiptingu](#)), verða ekki gefnar út tölur um heilsuvísa innflytjenda. Þar sem sterk tengsl eru á milli heilsu og aldurs, gefur það of villandi mynd að bera saman heilsu innflytjenda, sem eru að jafnaði ungir, við heilsu innlendra þar sem aldursdreifingin er meiri. Auk þess bentu niðurstöðurnar til þess að tölurnar væru óáreiðanlegar fyrir þennan hóp. Innflytjenda þversögnin (immigrant paradox) er hugtak sem fræðimenn hafa notað yfir niðurstöður sem sýna að þrátt fyrir þær áskoranir sem innflytjendur mæta, þá mælist staða þeirra í sumum tilvikum betri en staða innlendra. Enn er deilt um ástæður þessa og þær fara án efa eftir því hvað er verið að skoða hverju sinni. En í þeim löndum þar sem innflytjendur eru að jafnaði yngri en innlendir er líklegt að þversagnakenndar heilsumælingar skýrist af ólíkri aldursdreifingu.

Almennir fyrirvarar við túlkun félagsvísa

Félagsvísar skoða óleiðréttan mun

Þegar niðurstöður félagsvísa eru túlkaðir, skiptir máli að átta sig á því að það er meira sem skilur að innflytjendur og innlenda en bakgrunnur þeirra. Því gæti hugsanlegur munur milli innflytjenda og innlendra til dæmis stafað af mismunandi aldursdreifingu eða kynjahlutfalli milli hópanna. Hugsanlegur munur milli innflytjenda og innlendra þýðir því ekki að munurinn orsakist af þessum bakgrunni, heldur geta aðrar skýringar legið að baki.

Félagsvísar segja ekki til um hvort aðstæður innflytjenda hafi batnað eða versnað við það að flytja til landsins

Einnig er mikilvægt að áréttu að félagsvísarnir segja ekki til um hvernig félagsleg velferð innflytjenda hefur breyst við að flytjast til landsins. Eins og bent er á í skýrslu OECD um velferð innflytjenda, gæti hún hafa batnað miðað við hvernig hún var áður en þeir fluttust til landsins, eða öfugt ¹. Einnig er mögulegt að hún hafi aðeins breyst á ákveðnum sviðum félagslegrar velferðar en ekki öðrum. Hún gæti til dæmis hafa batnað á sviði atvinnu en verið sambærileg á húsnæðissviðinu. Félagsvísarnir sem eru kynntir hér sýna aðeins þverskurð á stöðunni á hverjum tíma fyrir sig. Til þess að fylgjast með því hvernig félagsleg velferð breytist við flutninga á milli landa þarf að rannsaka stöðu sama einstaklings fyrir og eftir flutninga. Þar sem slíkar rannsóknir eru erfiðar í framkvæmd eru aðeins örfá dæmi til um rannsóknir sem skoða einstaklinga fyrir og eftir flutninga frá einu landi til annars.

Það er ekki síður mikilvægt að átta sig á þeim takmörkunum sem opinberar skrár og úrtaksrannsóknir bera með sér þegar staða innflytjenda er metin. Þeir sem ekki eru skráðir í landið, þeir sem eru hér ólöglega, eða eru brotáþolar mansals eru utan seilingar skráargagna og úrtaksrannsókna. Þetta vandamál er almennt til staðar við hagskýrslugerð, en skapar líklega meiri þjaga í tilfelli innflytjenda. Eins og bent var á í skýrslu OECD um velferð innflytjenda, þá ná niðurstöðurnar því ekki til þess hóps innflytjenda sem er í hvað erfiðastri stöðu².

Gögn félagsvísa og fyrirvarar þeirra

Fjárhagsvísar byggja á skattaframtölum

Fjárhagsvísar byggja á skattframtölum einstaklinga. Fyrir þetta sérhefti voru upplýsingarnar auðgaðar með upplýsingum um bakgrunn úr þjóðskrá. Framtalsskyldir til skatts eru allir 16 ára og eldri sem eru skattskyldir á Íslandi. Byggt er á öllum framteljendum að undanskildum eftirfarandi: Framteljendur sem eru með handreiknað framtal, fá áætlaðan skatt á viðkomandi tekjuári eða árinu á undan, létust á árinu eða eru búsettir erlendis samkvæmt þjóðskrá. Handreiknað framtal fá þeir framteljendur sem ekki hafa búið á Íslandi nema hluta úr viðkomandi tekjuári, hafa hér á landi skattalega heimilisfesti, hafa tekjur hér á landi án þess að hafa hér búsetu, eins ef breytingar hafa orðið á hjúskaparstöðu eða aðrar þær breytingar á högum sem kalla á sérstaka meðhöndlun skattframtalsins. Erlendis búsettur telst sá sem hefur búið fleiri en 30 daga erlendis.

Fyrirvarar við túlkun fjárhagsvísa

Helsti kosturinn við að styðjast við skattaskrá, er að hún nær til allra sem skila skattaframtali á Íslandi. Út frá þessum upplýsingum er auðvelt að alhæfa, auk þess sem mögulegt er að skoða undirhópa með mikilli nákvæmni. Þó er líklegt að fleiri innflytjendur en innlendir búi aðeins hluta árs á Íslandi og því hlutfallslega fleiri innflytjendur sem eru undanskildir en innlendir. Í tilfelli innflytjenda gæti einnig verið mikilvægt að hafa í huga að fjárhagsupplýsingarnar ná ekki til þeirra sem fá borgað svart. Ef slíkt er algengara á meðal innflytjenda en innlendra, þá skekkir þetta niðurstöður innflytjenda meira en niðurstöður innlendra.

Menntunarvísar byggja á skráningum í skóla

Menntunarvísarnir byggja á yfirliti Hagstofu Íslands á fjölda nemenda í leikskólum, framhaldsskólum og háskólum á Íslandi. Fyrir þetta sérhefti voru upplýsingarnar auðgaðar með upplýsingum um bakgrunn úr þjóðskrá. Upplýsingum um fjölda barna í leikskóla er safnað inn frá leikskólunum og miðast

¹ OECD (2017), *How's Life? 2017: Measuring Well-being*, p. 122, OECD Publishing, Paris. http://dx.doi.org/10.1787/how_life-2017-en

² OECD (2017), *How's Life? 2017: Measuring Well-being*, p. 122, OECD Publishing, Paris. http://dx.doi.org/10.1787/how_life-2017-en

við 1. desember ár hvert. Upplýsingum um skólasókn í framhaldsskóla og háskóla er safnað úr miðlægu nemendaskrárkerfi framhaldsskólanna, INNU, og frá einstökum skólum. Gagnasöfnunin miðast við fjölda nemenda um miðjan október.

*Lífskjararannsókn og
vinnumarkaðsrannsókn*

Víddirnar atvinna, jafnvægi vinnu og einkalífs og lýðræði og samfélagsleg þátttaka byggja á mælingum vinnumarkaðsrannsókna. Gagna er aflað með viðtölum við þátttakendur í síma.

Víddirnar húsnaði, umhverfisleg gæði, og öryggi byggja á mælingum úr árlegri lífskjararannsókn Hagstofunnar. Rannsóknin er hluti af samræmdri lífskjararannsókn Evrópusambandsins (EU-SILC). Lífskjararannsóknin er úrtakskönnun þar sem gagna er aflað með viðtölum við þátttakendur í síma. Auk þess er aflað upplýsinga um tekjur þátttakenda og heimilismeðlima með tengingu við skattaskrá. Úrtakið er slembiúrtak einstaklinga úr þjóðskrá þar sem einstaklingar eru valdir út frá því heimili sem þeir tilheyra.

*Fyrirvarar við túlkun niðurstaðna
um stöðu innflytjenda í
úrtaksrannsóknunum*

Helsti kosturinn við úrtaksrannsóknir er að þá er fólk spurt sjálft um stöðu sína. Niðurstöðurnar eru því ekki háðar því að upplýsingarnar séu skráðar af þriðja aðila og hægt er að nálgast huglægt mat fólks á stöðu sinni.

Niðurstöðurnar úr lífskjararannsókninni og vinnumarkaðsrannsókninni eru vigtaðar eftir kyni og aldri til þess að leiðrétta fyrir mun á svarendum og þjóðinni almennt. Í sama tilgangi er þessi vog kvörðuð (e. calibrated) í samræmi við fjölda innflytjenda og innlendra í mannfjöldatölum Hagstofunnar. Tölurnar sem birtast hér gætu tekið breytingum þar sem þróunarvinna stendur yfir innan Hagstofu Íslands um hvernig best eigi að taka tillit til og leiðrétta fyrir þau áhrif sem aukinn fjöldi innflytjenda hefur á niðurstöður úrtaksrannsóknanna.

*Minni nákvæmni við mat á
stöðu innflytjenda*

Þrátt fyrir að tölurnar sem eru birtar hér leiðrétta fyrir mun á svarendum og íbúum, er engu að síður er mikilvægt að sýna varfærni við túlkun niðurstaðanna. Þar sem lífskjararannsóknin og vinnumarkaðsrannsóknin byggja á úrtaki þarf að gera ráð fyrir ákveðinni óvissu í niðurstöðum. Í fyrsta lagi eru innflytjendur í tölfræðilegum skilningi fáir, sem gerir það erfiðara að leggja mat á stöðu þeirra. Til marks um að meiri óvissa ríkir um stöðu innflytjenda má sjá á niðurstöðunum að vikmörkin á félagsvísunum úr úrtaksrannsóknunum eru í öllum tilvikum stærri fyrir innflytjendur en innlenda. Sett voru nákvæmnisviðmið fyrir þetta sérhefti, þar sem tölur með 5% staðalvillu eða meira voru ekki birtar. Til dæmis, ef metið úrtakshlutfall er 20%, og staðalvillan er 7%, þá er hægt að fullyrða með 95% öryggi að þýðishlutfallið sé á bilinu 6 til 34%. Ákveðið var að slíkt mat væri of ónákvæmt til birtingar. Niðurstöðurnar sýndu að slík ónákvæmni var frekar til staðar fyrir innflytjendur og þá sérstaklega ef þeim var skipt frekar niður í undirhópa. Í kaflanum [skýringar](#) er nánar farið yfir tölfræðihugtökinn staðalvilla, öryggisbil og vikmörk.

Lægri svörun meðal innflytjenda

Í öðru lagi er lægri svörun hjá innflytjendum en innlendum. Ýmsar ástæður geta legið að baki, en meðal annars er líklegra að innflytjendur vanti skráð íslenskt símanúmer. Þar sem úrtaksrannsóknirnar eru símarannsóknir skiptir þetta sköpum. Einnig geta tungumálaörðugleikar vera ástæður lægri svörunar. Spyrlar Hagstofu Íslands tala bæði íslensku, ensku og pólsku. Ef þátttakandi talar ekkert þessara tungumála getur hann vegna tungumálaörðugleika ekki með góðu móti svarað spurningunum. Vogirnir leiðrétta að hluta til fyrir þetta misræmi í svörun, en slík leiðrétting jafnast ekki á við sambærilega svörun.

Í þriðja lagi, þar sem mikil hreyfing hefur verið á einstaklingum með erlendan bakgrunn til og frá landinu undanfarin ár, þýðir það að ákveðinn hluti innflytjenda sem lenda í úrtaki lífskjararannsóknar og vinnumarkaðsrannsóknar hafa flust úr landi. En þar sem stutt er á milli þess að úrtakið er tekið og gagnasöfnun hefst er þetta ekki stórt vandamál, svo lengi sem skráningar í þjóðskrá eru réttar.

Skýringar félagsvísa

- Aðrar tekjur* Aðrar tekjur er samtala ýmissa skattskyldra tekna sem ekki falla undir fjármagnstekjur og atvinnutekjur. Lífeyrisgreiðslur, greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og aðrar bótagreiðslur á borð við atvinnuleysisbætur, vaxta- og barnabætur teljast til annarra tekna. Vaxta- og barnabætur reiknast á greiðslugrunni, þ.e. miðast við það ár sem þær eru greiddar út eða árið á undan tekjuárinu. Auk þess teljast til annarra tekna náms- og rannsóknarstyrkir, vinningar og ýmsar aðrar tekjur.
- Atvinnulausir* Atvinnulausir teljast þeir sem voru án atvinnu í viðmiðunarviku vinnumarkaðsrannsóknar Hagstofu Íslands, þ.e. höfðu hvorki atvinnu né voru í vinnu (í eina klukkustund eða lengur) sem launþegi eða sjálfstætt starfandi, eru að leita að vinnu og geta hafið störf innan tveggja vikna eða hafa fengið starf sem hefst innan 3 mánaða. Einstaklingar sem eru ekki í vinnu en eru í námi flokkast sem atvinnulausir ef þeir uppfylla skilyrðin hér að framan. Skilgreiningin kemur frá alþjóða vinnumálastofnun (International Labour Organization, ILO) og er notuð meðal annars af Eurostat.
- Atvinnuleysi* Er útreikningur á hlutfalli atvinnulausra af vinnuafli. Til vinnuaflsins teljast bæði þeir sem eru starfandi og þeir sem eru atvinnulausir.
- Byrði húsnæðiskostnaðar* Húsnæðisbyrði er reiknuð sem hlutfall ráðstöfunartekna á neyslueiningu sem er varið í húsnæðiskostnað.
- Húsnæðiskostnaður: Eftirfarandi liðir teljast til húsnæðiskostnaðar; húsaleiga, vaxtakostnaður og verðbætur vegna lána, viðhald, viðgerðir, bruna-, og fasteignatrygging, rafmagn, hiti og fasteignagjöld. Húsaleigubætur og vaxtabætur eru dregnar frá húsnæðiskostnaði hjá þeim sem fá slíkar bætur greiddar.
- Húsaleigubætur og vaxtabætur: Við útreikninga á byrði húsnæðiskostnaðar dragast húsaleigubætur og vaxtabætur frá húsnæðiskostnaði samkvæmt skilgreiningu Eurostat en teljast ekki til tekna.
- Eignir* Eignir eru allar eignir einstaklings, þ.e. fasteignir (bæði innlendar og erlendar), peningalegar eignir (innlán, verðbréf og aðrar peningalegar eignir), aðrar eignir auk ökutækja. Í skattaframtali eru eignir skráðar á þann einstakling sem er eldri ef um samskattaða er að ræða, en við vinnslu gagnanna er þeim eignum skipt í tvennt.
- Fæðingartíðni* Fæðingartíðni byggist á útreikningum sem áætla lifandi fædd börn á ævi hverrar konu. Niðurstaðan er heildartala lifandi fæddra barna sem áætlað er að kona eignast á ævinni miðað við að hún lifi til loka barnsburðaraldurs og að á hverju aldursári gildi fyrir hana fæðingartíðni hvers aldursárgangs á viðkomandi ári eða tímabili.
- Heildartekjur* Með heildartekjum er átt við samtölu atvinnutekna, fjármagnstekna og annarra tekna.

Íþyngjandi húsnæðiskostnaður Íþyngjandi húsnæðiskostnaður byggir á útreikningum á húsnæðiskostnaði sem hlutfall af ráðstöfunartekjum á neyslueiningu. Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður er skilgreindur sem húsnæðiskostnaður sem nemur a.m.k. 40% af ráðstöfunartekjum heimilis.

Húsnæðiskostnaður: Eftirfarandi liðir teljast til húsnæðiskostnaðar; húsaleiga, vaxtakostnaður og verðbætur vegna lána, viðhald, viðgerðir, bruna-, og fasteignatrygging, rafmagn, hiti og fasteignagjöld. Húsaleigubætur og vaxtabætur eru dregnar frá húsnæðiskostnaði hjá þeim sem fá slíkar bætur greiddar.

Húsaleigubætur og vaxtabætur: Við útreikninga á byrði húsnæðiskostnaðar dragast húsaleigubætur og vaxtabætur frá húsnæðiskostnaði samkvæmt skilgreiningu Eurostat en teljast ekki til tekna.

Lekandi þak, raka, eða mygla Spurt er: Átt þú í vandræðum með þakleka, raka eða fúa í veggjum, gólfi eða gluggum? Ef svarið er já telst fólk upplifa sig búa við lekandi þak, raka eða myglu.

Marktækur munur Lífskjararannsóknin og vinnumarkaðsrannsóknin byggja á úrtaki og því þarf að gera ráð fyrir ákveðinni óvissu í niðurstöðunum. Þegar ein metin stærð er borin saman við aðra er mikilvægt að átta sig á hvort munurinn á stærðunum er tölfræðilega marktækur eða ekki. Hefð er fyrir því meðal hagstofa að bera saman 95% öryggisbil stærðanna til að ákvarða hvort munur sé tölfræðilega marktækur. Þessi aðferð er notuð hér. Ef öryggisbil stærðanna skarast ekki á telst munurinn marktækur. Ef öryggisbilin skarast á telst munurinn ekki vera marktækur. Tölfræðileg marktækni segir ekki til um hvort hugsanlegur munur sé þýðingamikill eða ekki.

Miðgildi Hægt er að líta á miðgildi sem töluna í miðjunni hafi öllum tekjum verið raðað í stærðarröð. Miðgildi heildartekna er því sú tala sem skilur að lægri helming tekjudreifingarinnar frá hærri helmingi tekjudreifingarinnar.

Meðaltal Meðaltal er útreikningur sem byggir á því að taka summuna af safni talna og deila því með fjölda talnanna.

Ofmenntun Ofmenntun er skilgreind sem hlutfall háskólamenntaðra einstaklinga af öllum starfandi, sem vinna við störf sem krefjast lágrar eða meðal færni. Til að flokka störf samkvæmt færni er stuðst við alþjóðlega starfaflokkun, sem nefnist International Standard Classification of Occupation (ISCO08)¹. Þessi starfaflokkun flokkar störf í þrjú færnisstig: lágt (ISCO 9), meðal (ISCO 4-8) og hátt færnisstig (ISCO 1-3). Menntun er flokkuð í þrennt, í grunn-, framhalds- og háskólamenntun. Stuðst er við þessa skilgreiningu í mælingum OECD á ofmenntun².

Störf á lægsta færnisstiginu eru oft líkamleg, framkvæmd með handafli, og meginatriði vinnunnar eru oft endurtekin. Ósérhæfð störf teljast til starfa á lágu færnisstigi. Dæmi um ósérhæfð störf eru störf ræstingarfólks, störf verkafólks og aðstoðarmanna í mótuneyti.

¹ www.ilo.org/public/english/bureau/stat/isco/

² OECD (2017), *How's Life? 2017: Measuring Well-being*. OECD Publishing, Paris. http://dx.doi.org/10.1787/how_life-2017-en

Störf sem flokkast til meðal færnistigsins krefjast oft færni í því að stýra, viðhalda og laga vélabúnað. Störf á þessu sviði krefjast þess að starfsmaðurinn geti fylgt skriflegum leiðbeiningum, skrifað um unnin störf, og framkvæmt einfalda útreikninga. Störf bænda og fiskimanna, störf iðnaðarmanna og sérhæfðs iðnverkafólks, auk starfa véla- og vélgæslufólks teljast til starfa sem krefjast meðal færni. Skrifstofustörf, þjónustu-, umönnunar- og sölustörf teljast einnig til starfa sem krefjast meðal færni.

Störf á háu færnisstigi krefjast flókinnar tæknilegrar og hagnýtrar þekkingar, oft á sérhæfðu sviði. Þessi störf geta einnig krafist færni í flóknum úrlausnum, ákvörðunartöku og sköpunargáfu. Störf kjörinna fulltrúa, æðstu embættismanna og stjórnenda, sérfræðistörf, og tæknar og sérmenntað starfsfólk telst vinna störf með hátt færnistig.

- Óhefðbundinn vinnutími* Fólk telst vinna óhefðbundinn vinnutíma ef það svarar því til að það vinni oft á næturnar, kvöldin, laugardögum eða sunnudögum.
- Óþægindi vegna glæpa* Spurt var hvort einstaklingurinn verði fyrir óþægindum vegna skemmdaverka, ofbeldis eða ólöglegar starfsemi af einhverju tagi í nágrenninu.
- Skuldir* Skuldir eru samanlagðar heildarskuldir. Til heildarskulda teljast allar skuldir einstaklings að meðtöldum fasteignaskuldum sem eru skuldir vegna fasteignakaupa. Skuldir vegna kaupleiguíbúða eru ekki taldar með. Skuldir alls ná til allra í þýðinu, einnig þeirra sem skulda ekkert. Í skattaframtali eru skuldir skráðar á þann einstakling sem er eldri ef um samskattaða er að ræða, en við vinnslu gagnanna er þeim skuldum skipt í tvennt.
- Skólasókn* Skólasókn er útreikningur á fjölda nemenda sem sækir skóla miðað við mannfjölda á sama aldri og með sama bakgrunn.
- Starfandi* Starfandi teljast þeir sem unnu eina klukkustund eða lengur í viðmiðunarvikunni eða voru fjarverandi frá starfi sem þeir gegna að öllu jöfnu. Hlutfallið er síðan miðað við mannfjölda á sama tíma.
- Staðalfrávik* Staðalfrávik er mælistika á dreifingu í gögnum. Lágt staðalfrávik bendir til þess að gagnapunktur í ákveðinni dreifingu séu nálægt hvor öðrum, og hátt staðalfrávik bendir til mikillar fjarlægðar milli gagnapunkta. Ef gögn eru normaldreifð, þá eru 68,2% af gagnapunktunum einu staðalfrávikum fyrir ofan og neðan meðaltalið. 95,4% af gagnapunktunum eru tveimur staðalfrávikum fyrir ofan og neðan meðaltalið ef gögnin eru normaldreifð.
- Staðalvilla* Lífskjararannsóknin og vinnumarkaðsrannsóknin byggja á úrtaki og því þarf að gera ráð fyrir ákveðinni óvissu í niðurstöðum. Staðalvilla leggur mat á breytileika frá einu úrtaki til annars. Hversu stór staðalvillan er stýrist meðal annars af því hversu stórt úrtakið er. Staðalvillan verður minni við það að úrtakið stækkar. Staðalvillan verður einnig fyrir áhrifum af breytileika í gögnunum. Ef mikill munur er milli gagnapunkta verður staðalvillan stærri.

Staðalvillan tekur mið að því að ef mörg tilviljunarkennd úrtök eru tekin úr sama þýðinu þá verða meðaltölin mismunandi eftir úrtökum. Staðalvillan segir til um dreifinguna á þessum meðaltölum. Staðalvillan er því staðalfrávik úrtaksdreifingar.

Staðalvilla (standard error, SE) er metin með því að kvaðratrótinni af fjölda í úrtakinu er deilt með staðalfrávikinu ($SE = \frac{SD}{\sqrt{n}}$).

Upplifaður íþyngjandi húsnæðiskostnaður

Spurt er: Er kostnaður við rekstur húsnæðisins, þar með talið afborganir húsnæðislána, leigu, tryggingar, fasteignagjöld, viðhald og viðgerðir þung, nokkur eða engin fjárhagsleg byrði? Svarmöguleikarnir eru þung byrði, nokkur byrði, og engin byrði.

Upplifaður hávaði í nærumhverfi

Spurt var hvort einstaklingar verði fyrir óþægindum í heimili sínu vegna hávaða frá til dæmis nágrönnum, umferð, skemmtistöðum eða einhverri starfsemi.

Upplifuð mengun í nærumhverfi

Spurt var hvort einstaklingar verði fyrir óþægindum vegna óhreininda og mengunar í sínu nærumhverfi.

Vaktavinna

Vaktavinna er skilgreint sem vinnufyrirkomulag þar sem starfsfólk leysir hvert annað af hólmi á tiltekinni starfsstöð samkvæmt fyrirframgefnu skipulagi sem leiðir til þess að fólk vinnur á ólíkum tímum dags á mismunandi vikudögum eða tímabilum. Vaktavinna getur falið í sér kvöld-, nætur- og helgavinnu.

Vinnutími

Með vinnutíma er átt við heildarvinnutíma svaranda í aðal- og aukastarfi í viðmiðunarvikunni.

Vikmörk

Sjá Öryggisbil.

Þröngbýli

Notuð er skilgreining Eurostat á þröngbýli. Þröngbýli er reiknað út frá fjölda herbergja og samsetningu heimilisfólks. Hvert heimili þarf eitt herbergi sem er sameiginlegt fyrir allt heimilisfólk, eitt herbergi fyrir hvert par á heimilinu, eitt herbergi fyrir hvern einhleypan einstakling 18 ára og eldri, eitt herbergi fyrir hverja tvo einstaklinga 12-17 ára af sama kyni og eitt herbergi fyrir hverja tvo einstaklinga undir 12 ára aldri. Hafi heimilið færri herbergi teljast heimilismenn búa við þröngbýli.

Öryggisbil

Lífskjararannsóknin og vinnuþröngbýli byggja á úrtaki og því þarf að gera ráð fyrir ákveðinni óvissu í niðurstöðum. Til að meta óvissuna eru reiknuð öryggisbil (e. confidence interval) fyrir niðurstöður rannsóknarinnar. Með öryggisbilinu er því reynt að leggja mat á hversu nákvæmlega úrtaksgildið segir til um hið raunverulega gildi í þýðinu.

Þegar öryggisbil er reiknað er stuðst við útreikninga á staðalvillunni (sjá skýringu ofan). Öryggisbilið nær jafnlangt upp fyrir og niður fyrir töluna, og vikmörk þess eru lögð við töluna og dregin frá henni. Ef metin stærð er 10% og öryggisbil $\pm 1,2$ eru neðri vikmörk 8,8 og efri vikmörk 11,2.

Þegar tvær tölur eru bornar saman til að athuga hvort munurinn á þeim sé nægjanlega mikill til að teljast tölfræðilega marktækur er venja fyrir því að skoða hvort öryggisbil beggja talna skarist.

95% öryggismörk eru reiknuð með því að margfalda staðalvilluna fyrir metna stærð með 1,96. Segja má að ef röð tilviljunarúrtaka af sömu stærð yrðu tekin úr sama þýði, þá myndi 95% öryggisbilana innihalda þýðismeðaltalið.

Viðauki 1. Fæðingarlönd flokkuð eftir fæðingarsvæði og samtölu heilsu, menntunar og efnahags

Appendix 1. Countries of birth categorized by area of birth and an index of health, education and economy

Fæðingarsvæði <i>Area of birth</i>	Samtala heilsu, menntunar og efnahags ¹ <i>Index of health, education and economy</i>	Fæðingarland <i>Country of birth</i>
Aðrir	0,350 - 0,649	Angola
Aðrir	0,350 - 0,649	Benin
Aðrir	0,350 - 0,649	Burkina Faso
Aðrir	0,350 - 0,649	Burundí
Aðrir	0,350 - 0,649	Cabo Verde (Grænhöfðaeýjar)
Aðrir	0,350 - 0,649	Cote d'Ivoire (Filabeinsströndin)
Aðrir	0,350 - 0,649	Djibútí
Aðrir	0,350 - 0,649	Eritrea
Aðrir	0,350 - 0,649	Eþíópía
Aðrir	0,350 - 0,649	Gambía
Aðrir	0,350 - 0,649	Ghana
Aðrir	0,350 - 0,649	Guatemala
Aðrir	0,350 - 0,649	Guinea
Aðrir	0,350 - 0,649	Guinea-Bissau
Aðrir	0,350 - 0,649	Guyana
Aðrir	0,350 - 0,649	Haití
Aðrir	0,350 - 0,649	Honduras
Aðrir	0,350 - 0,649	Kamerún
Aðrir	0,350 - 0,649	Kenya
Aðrir	0,350 - 0,649	Komorur
Aðrir	0,350 - 0,649	Kongó, Lýðstjórnarlýðveldið
Aðrir	0,350 - 0,649	Kongó, Lýðveldið
Aðrir	0,350 - 0,649	Lesotho
Aðrir	0,350 - 0,649	Líbería
Aðrir	0,350 - 0,649	Madagaskar
Aðrir	0,350 - 0,649	Malawi
Aðrir	0,350 - 0,649	Malí
Aðrir	0,350 - 0,649	Marokkó
Aðrir	0,350 - 0,649	Máritanía
Aðrir	0,350 - 0,649	Mið-Afríkulýðveldið
Aðrir	0,350 - 0,649	Miðbaugs-Guinea
Aðrir	0,350 - 0,649	Mosambík
Aðrir	0,350 - 0,649	Namibía
Aðrir	0,350 - 0,649	Náurú
Aðrir	0,350 - 0,649	Nikaragua
Aðrir	0,350 - 0,649	Níger

¹ Viðmiðunarárið er 2015, þar sem tölur frá 2015 voru nýjustu tölur við vinnslu þessa sérheftis um innflytjendur. Skalin er milli 0 og 1.

Aðrir	0,350 - 0,649	Nígería
Aðrir	0,350 - 0,649	Papúa Nýja-Guinea
Aðrir	0,350 - 0,649	Ruwanda
Aðrir	0,350 - 0,649	Salómoneyjar
Aðrir	0,350 - 0,649	Senegal
Aðrir	0,350 - 0,649	Sierra Leone
Aðrir	0,350 - 0,649	Sómalía
Aðrir	0,350 - 0,649	Súdan
Aðrir	0,350 - 0,649	Tanzanía
Aðrir	0,350 - 0,649	Togó
Aðrir	0,350 - 0,649	Tsjad
Aðrir	0,350 - 0,649	Uganda
Aðrir	0,350 - 0,649	Zambía
Aðrir	0,350 - 0,649	Zimbabwe
Aðrir	0,650 - 0,699	Bolívía
Aðrir	0,650 - 0,699	Egyptaland
Aðrir	0,650 - 0,699	El Salvador
Aðrir	0,650 - 0,699	Gabon
Aðrir	0,650 - 0,699	Palestína
Aðrir	0,650 - 0,699	Paraguay
Aðrir	0,650 - 0,699	Suður-Afríka
Aðrir	0,700 - 0,749	Alsír
Aðrir	0,700 - 0,749	Beliz
Aðrir	0,700 - 0,749	Dominika
Aðrir	0,700 - 0,749	Dominíska lýðveldið
Aðrir	0,700 - 0,749	Ekvador
Aðrir	0,700 - 0,749	Fidji
Aðrir	0,700 - 0,749	Jamaika
Aðrir	0,700 - 0,749	Kolombía
Aðrir	0,700 - 0,749	Libya
Aðrir	0,700 - 0,749	Perú
Aðrir	0,700 - 0,749	St, Lucia
Aðrir	0,700 - 0,749	St, Vincent og Grenadínur
Aðrir	0,700 - 0,749	Súrinam
Aðrir	0,700 - 0,749	Tonga
Aðrir	0,700 - 0,749	Túnis
Aðrir	0,750 - 0,799	Antigua og Barbúda
Aðrir	0,750 - 0,799	Arúba
Aðrir	0,750 - 0,799	Bahamaeyjar
Aðrir	0,750 - 0,799	Barbados
Aðrir	0,750 - 0,799	Brasílía
Aðrir	0,750 - 0,799	Caymaneyjar
Aðrir	0,750 - 0,799	Costa Rica
Aðrir	0,750 - 0,799	Curacao
Aðrir	0,750 - 0,799	Kúba

Aðrir	0,750 - 0,799	Martíník
Aðrir	0,750 - 0,799	Máritíus
Aðrir	0,750 - 0,799	Mexikó
Aðrir	0,750 - 0,799	Panama
Aðrir	0,750 - 0,799	Puerto Rico
Aðrir	0,750 - 0,799	St, Kitts og Nevis
Aðrir	0,750 - 0,799	Trinidad og Tobagó
Aðrir	0,750 - 0,799	Uruguay
Aðrir	0,750 - 0,799	Venezuela
Aðrir	0,800 - 0,849	Argentína
Aðrir	0,800 - 0,849	Chile
Aðrir	0,900 - 0,949	Ástralía
Aðrir	0,900 - 0,949	Nýja-Sjáland
Aðrir	Óþekkt	Vestur-Sahara
Austur-Evrópa	0,350 - 0,649	Tadsjikistan
Austur-Evrópa	0,650 - 0,699	Kyrgyzstan
Austur-Evrópa	0,650 - 0,699	Moldóva
Austur-Evrópa	0,650 - 0,699	Türkmenistan
Austur-Evrópa	0,700 - 0,749	Armenía
Austur-Evrópa	0,700 - 0,749	Makedónía (FLJM)
Austur-Evrópa	0,700 - 0,749	Úkraína
Austur-Evrópa	0,700 - 0,749	Úzbekistan
Austur-Evrópa	0,750 - 0,799	Albanía
Austur-Evrópa	0,750 - 0,799	Azerbaidsjan
Austur-Evrópa	0,750 - 0,799	Belarus (Hvíta-Rússland)
Austur-Evrópa	0,750 - 0,799	Bosnía og Herzegovina
Austur-Evrópa	0,750 - 0,799	Búlgaría
Austur-Evrópa	0,750 - 0,799	Georgía
Austur-Evrópa	0,750 - 0,799	Kazakhstan
Austur-Evrópa	0,750 - 0,799	Kósóvó
Austur-Evrópa	0,750 - 0,799	Ríki í fyrrum Júgóslavíu
Austur-Evrópa	0,750 - 0,799	Serbía
Austur-Evrópa	0,750 - 0,799	Tyrkland
Austur-Evrópa	0,800 - 0,849	Fyrrum Sovétríki
Austur-Evrópa	0,800 - 0,849	Krótía
Austur-Evrópa	0,800 - 0,849	Lettland
Austur-Evrópa	0,800 - 0,849	Litháen
Austur-Evrópa	0,800 - 0,849	Montenegro (Svartfjallaland)
Austur-Evrópa	0,800 - 0,849	Rúmenía
Austur-Evrópa	0,800 - 0,849	Rússland
Austur-Evrópa	0,800 - 0,849	Slóvakía
Austur-Evrópa	0,800 - 0,849	Ungverjaland
Austur-Evrópa	0,850 - 0,899	Eistland
Austur-Evrópa	0,850 - 0,899	Pólland
Austur-Evrópa	0,850 - 0,899	Slóvenía

Austur-Evrópa	0,850 - 0,899	Tékkland
Austur-Evrópa	0,850 - 0,899	Tékkland / Slóvakía, ótilgreint
Asía	0,350 - 0,649	Afghanistan
Asía	0,350 - 0,649	Bangladesh
Asía	0,350 - 0,649	Indland
Asía	0,350 - 0,649	Írak
Asía	0,350 - 0,649	Jemen
Asía	0,350 - 0,649	Kambodía
Asía	0,350 - 0,649	Kórea, Norður-
Asía	0,350 - 0,649	Laos
Asía	0,350 - 0,649	Myanmar
Asía	0,350 - 0,649	Nepal
Asía	0,350 - 0,649	Pakistan
Asía	0,350 - 0,649	Sýrland
Asía	0,350 - 0,649	Timor-Leste
Asía	0,650 - 0,699	Filipseyjar
Asía	0,650 - 0,699	Indónesía
Asía	0,650 - 0,699	Víetnam
Asía	0,700 - 0,749	Jórdanía
Asía	0,700 - 0,749	Kína
Asía	0,700 - 0,749	Maldívur
Asía	0,700 - 0,749	Mongólía
Asía	0,700 - 0,749	Thailand
Asía	0,750 - 0,799	Íran
Asía	0,750 - 0,799	Líbanon
Asía	0,750 - 0,799	Malasía
Asía	0,750 - 0,799	Óman
Asía	0,750 - 0,799	Sri Lanka
Asía	0,800 - 0,849	Kuwait
Asía	0,800 - 0,849	Sameinuðu arabísku furstadæmin
Asía	0,800 - 0,849	Sádi-Arabía
Asía	0,850 - 0,899	Ísrael
Asía	0,850 - 0,899	Kýpur
Asía	0,900 - 0,949	Hong Kong
Asía	0,900 - 0,949	Japan
Asía	0,900 - 0,949	Kórea, Suður-
Asía	0,900 - 0,949	Singapor
Asía	0,900 - 0,949	Taiwan
Bandaríkin og Kanada	0,900 - 0,949	Bandaríkin
Bandaríkin og Kanada	0,900 - 0,949	Kanada
Norðurlönd	0,850 - 0,899	Finnland
Norðurlönd	0,900 - 0,949	Danmörk
Norðurlönd	0,900 - 0,949	Færeyjar
Norðurlönd	0,900 - 0,949	Grænland
Norðurlönd	0,900 - 0,949	Noregur

Norðurlönd	0,900 - 0,949	Svíþjóð
Óþekkt	Óþekkt	Útlönd, ótilgreint land
Vestur-Evrópa utan Norðurlanda	0,800 - 0,849	Portúgal
Vestur-Evrópa utan Norðurlanda	0,850 - 0,899	Andorra
Vestur-Evrópa utan Norðurlanda	0,850 - 0,899	Austurríki
Vestur-Evrópa utan Norðurlanda	0,850 - 0,899	Belgía
Vestur-Evrópa utan Norðurlanda	0,850 - 0,899	Frakkland
Vestur-Evrópa utan Norðurlanda	0,850 - 0,899	Grikkland
Vestur-Evrópa utan Norðurlanda	0,850 - 0,899	Ítalía
Vestur-Evrópa utan Norðurlanda	0,850 - 0,899	Lúxemborg
Vestur-Evrópa utan Norðurlanda	0,850 - 0,899	Malta
Vestur-Evrópa utan Norðurlanda	0,850 - 0,899	Mónakó
Vestur-Evrópa utan Norðurlanda	0,850 - 0,899	San Marínó
Vestur-Evrópa utan Norðurlanda	0,850 - 0,899	Spánn
Vestur-Evrópa utan Norðurlanda	0,900 - 0,949	Bretland
Vestur-Evrópa utan Norðurlanda	0,900 - 0,949	Gíbraltar
Vestur-Evrópa utan Norðurlanda	0,900 - 0,949	Holland (Niðurland)
Vestur-Evrópa utan Norðurlanda	0,900 - 0,949	Írland
Vestur-Evrópa utan Norðurlanda	0,900 - 0,949	Liechtenstein
Vestur-Evrópa utan Norðurlanda	0,900 - 0,949	Sviss
Vestur-Evrópa utan Norðurlanda	0,900 - 0,949	Þýskaland

Viðauki 2. Lönd í Austur Evrópu flokkuð eftir samtölu heilsu, menntunar og efnahags

Appendix 2. Countries in Eastern-Europe categorized according to their score on UN's index on health, education and economy (Human Development Index)

Samtala heilsu, menntunar, og efnahags ¹ <i>Index on health, education and economy</i>	Lönd í Austur-Evrópu <i>Countries in Eastern Europe</i>
0,350 – 0,649	Tadsjikistan
0,650 – 0,699	Kyrgyzstan
	Moldóva
	Túrkmenistan
0,700 – 0,749	Armenía
	Makedónía (FLJM)
	Úkraína
	Úzbekistan
0,750 – 0,799	Albanía
	Azerbaidsjan
	Belarus (Hvíta-Rússland)
	Bosnía og Herzegovina
	Búlgaría
	Georgía
	Kazakhstan
	Kósóvó
	Ríki í fyrrum Júgóslavíu
	Serbía
	Tyrkland
0,800 – 0,849	Ungverjaland
	Krótía
	Lettland
	Litháen
	Montenegro (Svartfjallaland)
	Rúmenía
	Rússland
	Slóvakía
0,850 – 0,899	Eistland
	Pólland
	Slóvenía
	Tékkland
	Tékkland / Slóvakía, ótilgreint

¹ Viðmiðunarárið er 2015, þar sem tölur frá 2015 voru nýjustu tölur við vinnslu þessa sérheftis um innflytjendur. Skalin er milli 0 og 1.

Hagtíðindi **Félagsvísar**
Statistical Series **Social indicators**

104. árg. • 2. tbl.
ISSN 1670-4770

31. janúar 2019 [Leiðrétt útgáfa 6. febrúar 2019 Corrected 6 February 2019]

Umsjón *Supervision* Gró Einarsdóttir • gro.einarsdottir@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 105 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is www.statice.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.